Árbók Íslands 2006

Heimir Þorleifsson
tók saman

EFNISYFIRLIT

Bls.

Árferði 99
Brunar 102
Búnaður 104
Embætti og störf 108
Forseti Íslands 112
Hervarnir 115
Iðnaður 117
Íbúar Íslands 119
Íþróttir 123
Kirkjan 135
Mannalát 137
Náttúra Íslands 142
Próf 143
Raforkumál 154
Samgöngur og ferðamál 156
Slys. 159
Stjórnmál 162
Tímamót 176
Útvegur 178
Verklegar framkvæmdir 182
Verslun 193
Vinnumarkaður 197
Vísitölur og verðlag 199
Ýmislegt 201

Myndir

Ljósmyndarar voru þessir:

Anton Brink: 213.
Daníel Rúnarsson: 180.
Einar Þór Sigurðsson: 155.
Guðmundur Jakobsson: 132.
Gunnar V. Andrésson: 106, 107, 112, 120, 177, 201, 202, 206, 210.
Gunnar Vigfússon: 113, 164.
Haraldur Jónasson: 203.
Heimir Þorleifsson: 136, 158, 179, 184, 185, 186, 187, 188, 189, 190, 191, 192, 193.
Hörður Sveinsson: 163.
Kristinn Ingvarsson: 145, 152.
Kristján Kristjánsson: 100, 142,
Pjetur Sigurðsson: 111, 127, 128, 130, 134, 165, 168, 175, 199, 205.
Rósa Jóhannsdóttir: 208.
Stefán Karlsson: 101, 174.
Valgarður Gíslason: 129, 146, 198.
Vilhelm Gunnarsson: 103, 116, 118, 125, 160.

Nokkrir heimildarmenn: Trausti Jónsson (árferði), Þór Jakobsson (hafís), Matthías Eggertsson (búnaður), Guðni Guðbergsson (laxveiði), Ingibjörg M. Pálsdóttir (vegamál), Magnús Guðmundsson (próf frá Háskóla Íslands), Svanhildur Kaaber (próf frá Kennaraháskóla Íslands), Markús Möller (vísitölur og verðlag). – Tölur um íbúa Íslands (bráðabirgðatölur), aflabrögð, verslun o.fl. eru frá Hagstofu Íslands.

ÁRFERÐI

Árið 2006 var talið fremur hagstætt, en var þó nokkuð vindasamt um haustið. Meðalhiti ársins var 1,1 stigi yfir meðaltali áranna 1961-1990 á vestanverðu landinu og 1,3 –1,8 stigum yfir meðaltali sömu ára norðaustan- og austanlands.

Mestur hiti, sem mældist á árinu á veðurathugunarstöðvum, var á Staðarhóli í Aðaldal 4. ágúst, 24,0 stig og á sjálfvirkri stöð í Ásbyrgi 3. ágúst 25,7 stig. Mestur kuldi varð í Möðrudal 19. nóvember, en þar mældist 24,5 stiga frost og á sjálfvirkri stöð á Brúarjökli 18. nóvember -26,1 stig. Mest sólarhringsúrkoma mældist í Kvískerjum í Öræfum 20. desember 175,3 mm.

Í Reykjavík var meðalhiti ársins 5,4 stig, sem er rúmlega einu stigi yfir meðaltali áranna 1961-1990. Var þetta 11. hlýjasta ár í bænum frá því að mælingar hófust. Sólskinsstundir í Reykjavík voru 1.494, sem er 226 stundum meira en í meðalári. Úrkoma í Reykjavík varð 890 mm, sem er 11% meira en í meðalári. Mestur hiti í Reykjavík á árinu mældist 1. ágúst, 19,2 stig. Kaldast varð í bænum 18. nóvember en þá mældist 13,5 stiga frost. Mest úrkoma í Reykjavík varð 27. október 38,7 mm.

Á Akureyri var meðalhiti ársins 4,6 stig, sem er u.þ.b. 1,3 stigum ofan við meðaltal áranna 1961-1990. Sólskinsstundir á Akureyri voru 1.034, sem er í tæpu meðallagi. Úrkoma varð 549 mm, sem er 12% meira en í meðalári. Mestur hiti á Akureyri á árinu mældist 4. ágúst, 23,0 stig, en kaldast varð 18. nóvember, en þá mældist þar 15,2 stiga frost. Mest úrkoma á Akureyri varð 29. nóvember 21,9 mm.

Í *janúar* var hlýtt og úrkomusamt um sunnan- og vestanvert landið. Norðanlands var hins vegar þurrviðrasamt og afar snjólétt og stóð svo fram yfir mánaðamót. Hinn 16.-17. febrúar snjóaði hins vegar mikið víða norðanlands og einna mest á Húsavík. – Hinn 10. *febrúar* gekk mikið óveður yfir á Vestfjörðum. Íbúðarhús eyðilagðist á Flateyri og fór brak víða um eyrina. Grundarendaveður var þetta kallað. Í Reykjavík var febrúarmánuður hinn hlýjasti síðan 1965. Meðalhitinn var 3,3 stig, en á Akureyri var hann 1,9 stig. – Fyrstu dagar í *mars* voru kaldir en síðan tók við hlýindakafli, sem stóð fram um 20.

Mikil snjóþyngsli voru á Akureyri í lok mars.

Síðustu daga mars var síðan kalt og snjóþungt norðanlands. Sunnanlands var mjög þurrviðrasamt og átti það sinn þátt í miklum sinubruna sem varð á Mýrum um mánaðamót mars-apríl. – Fyrri hluta *apríl* var kalt í veðri á landinu. Vonskuveður með snjó og ófærð var á Austurlandi 6. apríl. Sama dag féll snjóflóð á veginn milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Í Reykjavík var meðalhiti mánaðarins töluvert undir meðallagi. – Fyrstu dagana í *maí* var mjög hlýtt á landinu og 7.-9. maí voru víða sett ný hitamet fyrir þennan mánuð. Á Hjarðarlandi í Biskupstungum komst hitinn í 22,8 stig 9. maí. Um 20. maí kólnaði hins vegar mjög mikið og var jörð alhvít víða um land. 22. maí fór hiti niður í 1,0 stig í Reykjavík um nóttina. Var þetta kaldasta nótt í bænum í maí í 100 ár. – Í *júní* var rigningasamt sunnanlands og voru úrkomudagar í Reykjavík 24. Sólskinsstundir voru undir meðaltali í Reykjavík en yfir á Akureyri. – Í *júlí* var veðrátta nálægt meðallagi á flestum sviðum. Þó bar svo við á Akureyri, að júlí var kaldari en júní. – *Ágúst*. Mánuðurinn var að hitafari yfir meðallagi um allt land. Um verslunarmannahelgina var úrkomusamt á Suðurlandi en bjart austanlands. Um 20. ágúst var Esjan orðin snjólaus Kollafjarðarmegin, og er það sjötta

Rigningar voru miklar og flóð í desember. Hér brýst hestur upp úr flóði við Auðsholt í Árnessýslu.

árið í röð. – Í *september* var mjög hlýtt um allt land. Í Reykjavík var meðalhiti mánaðarins 10,5 stig sem er 3,1 stigi hærra en í meðalári. Var mánuðurinn hinn fjórði hlýjasti síðan mælingar hófust og á Hveravöllum var hann hinn þriðji hlýjasti. – *Október* var heldur hlýr og ekki vindasamur. – Í *nóvember* var hins vegar vindasamt mjög og gekk fyrsta veðrið yfir landið 5. nóvember. Þann dag mældist mesti vindhraði á Gagnheiði 44,9 m/sek og í hviðum fór veðurhæðin í 56,8 m/sek. Flug lá niðri, skip slitu landfestar í Hafnarfjarðarhöfn, skemmdir urðu á bílum vegna grjótfoks á Möðrudalsöræfum. Aðfaranótt 19. nóvember snjóaði mjög mikið í Reykjavík og nágrenni. Var þetta með mestu snjóum í bænum í þessum mánuði. – Fyrri hluta *desember* var fremur svalt í veðri og nokkuð snjóþungt norðanlands. Frá og með 18. desember skipti um og voru mikil hlýindi um allt land og úrkoma og fylgdu þeim geysileg flóð. Hvítárnar voru báðar í miklum vexti og voru bæir á Suðurlandi umflotnir. Við Selfoss flæddi Hvítá inn í nokkur hús. Í Eyjafirði tók af brúna yfir Djúpadalsá og féll bíll í ána. Bílstjórinn bjargaðist naumlega. Þá varð mikið eignatjón á bænum Grænuhlíð í Eyjafjarðarsveit,

en þar ruddu aurskriður í burtu útihúsi og bragga og skemmdu íbúðarhúsið.

Hafís. Hafís á íslenskum hafsvæðum árið 2006 var mun minni en árið 2005 en engu að síður nokkru meiri en í meðalári. Í janúar var ísinn næst landi síðasta dag mánaðarins, en í febrúar færðist meginjaðarinn fjær landi og var þéttur jaðar 60 sjómílur norðvestur af Vestfjörðum. Jaðarinn hélst á svipuðum slóðum í mars, en í apríl færðist hann nær á ný. Næst landi þennan mánuð var hann rúmar 20 sjómílur norðvestur af Straumnesi, og var ísjaðarinn þéttur. Í maí hélst meginjaðarinn í um það bil 60 sjómílna fjarlægð frá annesjum Vestfjarða, en um miðjan júní hafði hann aftur nálgast og var næst landi um 40 sjómílur norðvestur af Straumnesi.

Í byrjun júlí hafði hafís í Grænlandssundi minnkað mjög, en sökum ríkjandi suðvestanáttar færðist nokkur ís til austurs í sundinu. Var ísfláki í um 17 sjómílna fjarlægð frá Straumnesi undir lok mánaðarins. Í ágúst og september voru stöku borgarísjakar á sveimi, en hinn venjulegi lagnaðarís var horfinn. Í október var enginn ís af neinu tagi við landið. Um miðjan nóvember var ísjaðarinn í Grænlandssundi næst landi tæpar 50 sjómílur norðvestur af Straumnesi, en í desember þokaðist hann á ný fjær landi og var um miðbik þess mánaðar um það bil miðja vegu milli Íslands og Grænlands.

BRUNAR

14. mars kviknaði í frystihúsi Fossvíkur á Breiðdalsvík. Eldri hluti hússins skemmdist mjög mikið, og féll fiskvinnsla þar niður um nokkurn tíma. Fyrirtækið er stærsti vinnuveitandinn á staðnum. – 15. mars urðu miklar skemmdir af völdum elds í listasmiðjunni *Keramik og gleri* í Garði.

Dagana 30. mars til 2. apríl geisaði mikill sinueldur á Mýrum. Talið er að eldurinn hafi farið yfir 60-70 ferkílómetra svæði. Sjónarvottur sagði að reykurinn hafi verið „biksvartur og sólin eins og eldrauður hnöttur“. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá logandi sígarettu sem vegfarandi hafi kastað út úr bifreið á Snæfellsnesvegi.

Sinueldarnir á Mýrum.

3. apríl eyðilagðist íbúðarhúsið á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal í eldi. – Íbúðarhúsið Bergholt á Þórshöfn brann til kaldra kola 30. apríl. Enginn var í húsinu en allt innbú eyðilagðist.

14. maí kom upp eldur í íbúð við Rauðarárstíg í Reykjavík. Heimilisfólk bjargaðist út, en íbúðin skemmdist mikið. – 26. maí varð eldur laus í fjölbýlishúsi við Vesturgötu í Reykjavík. Fimm íbúar urðu fyrir minni háttar reykeitrun. Skemmdir urðu á einni íbúð.

9. júní kviknaði í dekkjaverkstæði við Aðalstöðina í Keflavík. Skemmdir urðu mjög miklar. – 12. júní kom upp eldur í 420 m háum fallgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Skemmdir urðu ekki miklar. – 13. júní urðu miklar skemmdir af völdum elds í einlyftu steinhúsi á Hornafirði. – 15. júní gereyðilagðist bæjarhúsið á Hólmaseli í Gaulverjabæjarhreppi. Kona, sem bjó í húsinu, bjargaðist út en fékk snert af reykeitrun.

2. ágúst kom upp eldur í útihúsum á bænum Húsatóftum I á Skeiðum. Þar drápust um 30 kýr, nokkrir kálfar og um 20 hænur. Húsin eyðilögðust. – 4. ágúst var kveikt í Síldarverksmiðjunni á Akranesi og hlaust af því verulegt tjón. – 25. ágúst kvikn-

aði í eiturefnageymslu Sorpu í Gufunesi. Ekki urðu miklar skemmdir.

8. október skemmdist íbúðarhúsið á Búlandi við Eyjafjörð mikið í eldi. Hjón sluppu naumlega út, en reykskynjari varaði þau við eldinum.

6. nóvember kviknaði í íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í Keflavík. Kona og tvö börn sluppu naumlega út. – 7. nóvember kom upp eldur á 2. hæð í 3ja hæða húsi við Ferjubakka í Reykjavík. Reykköfurum tókst að bjarga út konu og karli með alvarleg brunasár. Konan andaðist nokkrum dögum seinna.

11. desember urðu miklar skemmdir vegna elds í húsi við Oddeyrargötu á Akureyri. Talið er að kviknað hafi í út frá sjónvarpi. – 16. desember kom upp mikill eldur í þró fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Þar kviknaði m.a. í birgðum af ediksýru. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða. – 23. desember eyðilagðist einbýlishús á Hvolsvelli. Kona komst naumlega út með þremur börnum sínum. Reykskynjari kom til bjargar. – 25. desember varð mikill eldsvoði í verkstæði Malarvinnslunnar í Mývatnssveit. Einn maður hlaut nokkur brunasár og verkstæðið var talið ónýtt.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út 22.884 sinnum á árinu 2006 (22.723 árið áður). Brunaútköll hjá liðinu á árinu voru 1.440 (1.246) og sjúkraflutningar voru 21.444 (21.477). – Á Akureyri fór slökkviliðið í 2.018 útköll, ýmist vegna bruna eða sjúkraflutninga.

BÚNAÐUR

Árið 2006 var heldur erfitt til búskapar. Vorið var kalt norðaustanlands og mikið kal í túnum, einkum í innsveitum eins og Bárðardal og Mývatnssveit. Spretta var í besta falli í meðallagi og sums staðar ekki verri í tíu ár. Sláttur hófst á Þorvaldseyri 13. júní, en víða um land hófst hann í seinna lagi.

Heyfengur o.fl.

Talið er, að rúlluheyfengur, pakkaður í plast hafi numið 1.789.969 rúmmetrum (1.171.839 árið áður). Vothey var 21.185

rúmmetrar og þurrhey 164.258 rúmmetrar (206.179). – Framleiðslu á grasککögglum hefur nú verið hætt. – Fræræk nam 36,0 tonnum (23,9 tonnum árið áður) af óhúðuðu fræi. – Kornrækt var meiri en árið áður, og var nú sáð í tæplega 3.600 hektara, sem er ívið meira en árið áður. Kornuppskeran var 11.252 tonn (um 11.000 árið áður).

Uppskera

Kartöfluuppskera var meiri en árið áður, og er talið, að um 10.000 tonn af kartöflum hafi komið til nytja á árinu hjá þeim, sem hafa kartöflur til sölu (um 7.250 árið áður). – Tómatauppskera var 1.724 tonn (1.509 árið áður), gúrkuuppskera 1.124 tonn (1.147), og paprikuuppskera 130 tonn (126).

Ber spruttu snemma á Austurlandi og þar varð líka árangur bestur við berjatínslu. Minna var um ber á Vestur- og Suðurlandi.

Sláturafurðir, mjólk o.fl.

Slátrað var 536.351 fjár í sláturhúsum (547.257 árið áður). Af því voru 497.779 dilkar (508.359) og 35.953 fullorðið fé (35.822).

Meðalfallþungi dilka var 15,1 kg, sem er 0,13 kg meiri fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 8.647 tonn (8.738 árið áður). – Slátrað var 17.863 nautgripum (20.019). Nautgripakjöt var 3.196 tonn (3.540). Slátrað var 7.154 hrossum (6.713), og hrossakjöt var 850 tonn (762). Slátrað var 75.615 svínum (71.450), og var svínakjötsframleiðslan 5.744 tonn (5.300). Alifuglakjötsframleiðsla var 6.653 tonn (5.769).

Útflutningur lifandi hrossa minnkaði á árinu. Út voru flutt 1.303 hross (1.501). Mest var flutt út til Svíþjóðar, 330 hross (335).

Mjólkurframleiðsla var 117.062.454 lítrar (109.445.194 árið áður). Smjörframleiðsla var 1.450 tonn (1.309) og smjörvi 606 tonn (565). Framleidd voru 355 tonn af léttsmjöri (314).

Afurðahæsta kýr á landinu var Blúnda 468 á Helluvaði á Rangárvöllum. Hún mjólkaði 13.327 kg. Það gerðist nú í fyrsta sinn að kýr mjólkuðu yfir 13.000 kg, en tvær aðrar

Bændur á Jökuldal með fé sitt í réttum.

fóru yfir þessi mörk. Afurðahæsta kúabúið var á Stakkhamri í Miklaholtshreppi, en þar voru 32,5 „árskýr“ og var mjólk á hverja þeirra 7.896 kg.

Afurðahæsta fjárbú landsins var á Sauðá á Vatnsnesi í Húnaþingi. Þar voru 356 ær, sem skiluðu 38,2 kílóum af kjöti hver.

Loðdýrabú voru í árslok 23, þar af eitt refabú (25 árið áður). Verð á minkaskinnum var hið hæsta í hálfa öld og árið metár hjá minkabændum.

Lax- og silungsveiði

Laxveiði var heldur minni á árinu 2006 en árið áður. Alls veiddust 45.545 laxar á stöng úr ám landsins (53.504 árið áður). Af þeim var 8.735 sleppt aftur (9.224) eða 19,2%. 5.953 laxar veiddust í net í ám (7.560), en frá hafbeitarstöðvum komu engir laxar. Nær öll laxveiði í net er nú í jökulánum á Suðurlandi, Þjórsá, Ölfusá og Hvítá. – Mesta laxveiði á stöng þetta árið var í Ytri-Rangá en þar veiddust 4.459 laxar (2.990 árið áður), Selá í Vopnafirði var í öðru sæti með 2.726 (2.316) og Eystri-

Heyskapur á Álftanesi.

Rangá í þriðja sæti með 2.471 lax (4.225). Næst á eftir þessum þremur ám komu Norðurá 2.242, Þverá/Kjarrá 2.156 og Hofsá/Sunnudalsá 2.058.

Veiði á urriða var mest í Veiðivötnum 8.540 (9.943 árið áður). Þá kom Laxá í Mývatnssveit með 5.470 (5.933) og Fremri-Laxá á Ásum var í þriðja sæti með 5.279 urriða (3.884). Af bleikju veiddist mest í Veiðivötnum 8.099 (6.823) og í öðru sæti var Arnarvatn stóra og Austurá 3.599 bleikjur (3.655). Í þriðja sæti var Hlíðarvatn með 1.897 bleikjur (2.093).

Ýmislegt

Ellefta búnaðarþing eftir sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda fór fram í Reykjavík í mars. – Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Hafnarfirði undir lok ágúst. Félagið varð 75 ára á árinu. Magnús Jóhannesson var endurkjörinn formaður.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins lagði til í október, að landbúnaðarráðherra afnæmi undanþágu mjólkuriðnaðar frá samkeppnislögum. Ráðherra neitaði. Þetta gerðist eftir að fram kom kæra Mjólku vegna meintrar mismununar Samsölunnar.

Búfjáreign

Búfjáreign Íslendinga (bráðabirgðatölur) var í árslok 2006 (í svigum tölur frá 2005):

Nautgripir	68.670	(65.979)
Af þeim mjólkurkýr	25.504	(24.538)
Sauðfé	455.656	(454.905)
Hross	75.644	(74.820)
Svín	4.218	(3.982)
Varphænur	181.857	(166.119)
Minkar (fullorðin dýr)	41.957	(35.935)
Refir (fullorðin dýr)	116	(774)
Kanínur	254	(239)
Gæsir og endur	1.265	(1.492)
Kalkúnar	902	(508)
Geitur	449	(439)

Útflutningur

Á árinu 2006 óx útflutningur á landbúnaðarafurðum nokkuð og nam 4.335 milljónum króna (3.760 árið áður). Útflutningur landbúnaðarvara skiptist þannig á árinu 2006 (í svigum tölur frá 2005):

Fiskeldi	1.694	(1.337)
Sútaðar eða þurrkaðar húðir	606	(448)
Lifandi dýr	427	(371)
Kjöt, nýtt, kælt eða fryst	410	(555)
Ferskvatnsfiskur	239	(192)
Óunnar húðir og skinn	225	(115)
Ókembd ull	91	(91)
Kjöt, saltað, þurrkað eða reykt	6	(7)
Aðrar landbúnaðarvörur	638	(643)

EMBÆTTI OG STÖRF

Embættis- og sýslunarmenn ríkisins (skipaðir eða settir frá nefndum degi).

1. janúar: Gunnlaugur Claessen forseti Hæstaréttar og Hrafn Bragason varaforseti, Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Örnólfur Thorsson forsetaritari í stað Stefáns L. Stefánssonar.

15. mars: Jón B. Jónasson ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

1. maí: Hjördís Hákonardóttir hæstaréttardómari.

1. júlí: Kristinn Ólason rektor Skálholtsskóla. – Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands.

12. júlí: Grétar Már Sigurðsson ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu.

15. júlí: Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins (nýtt embætti).

1. september: Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri.

12. september: Vésteinn Ólason forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Embættismenn, sem fengu lausn

Guðrún Erlendsdóttir frá embætti hæstaréttardómara frá 1. maí, Bernharður Guðmundsson frá embætti rektors Skálholtsskóla frá 1. júlí, Indriði H. Þorláksson frá embætti ríkisskattstjóra frá 30. september.

Embættismenn sveitarfélaga

Nýir bæjarstjórar/sveitarstjórar: Sigurður Magnússon í Sveitarfélaginu Álftanesi, Sigurbjörn Hjaltason í Kjósarhreppi, Sigurður Valur Ásbjarnarson í Sandgerðisbæ, Oddný G. Harðardóttir í Sveitarfélaginu Garði, Róbert Ragnarsson í Sveitarfélaginu Vogum, Gísli S. Einarsson í Akraneskaupstað, Einar Örn Thorlacius í Hvalfjarðarsveit, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson í Grundarfjarðarbæ, Erla Friðriksdóttir í Stykkishólmsbæ, Gunnólfur Lárusson í Dalabyggð, Grímur Atlason í Bolungarvíkurkaupstað, Óskar Steingrímsson í Reykhólahreppi, Ragnar Jörundsson í Vesturbyggð, Skúli Þórðarson í Húnaþingi vestra, Magnús B. Jónsson í Höfðahreppi, Jens Pétur Jensen í Húnavatnshreppi, Bergur Elías Ágústsson í Norðurþingi, Þórir Kristinn Þórisson í Fjallabyggð, Svanfríður Jónasdóttir í Dal-

víkurbyggð, Brynjólfur Árnason í Grímseyjarhreppi, Bjarni Kristjánsson í Eyjafjarðarsveit, Guðmundur Sigvaldason í Hörgárbyggð, Árni K. Bjarnason í Svalbarðsstrandarhreppi, Guðný Sverrisdóttir í Grýtubakkahreppi, Guðrún María Valgeirsdóttir í Skútustaðahreppi, Sigbjörn Gunnarsson í Þingeyjarsveit, Björn Ingimarsson í Langanesbyggð, Ólafur Hr. Sigurðsson í Seyðisfjarðarkaupstað, Helga Jónsdóttir í Fjarðabyggð, Þorsteinn Steinsson í Vopnafjarðarhreppi, Gunnþórunn Ingólfsdóttir í Fljótsdalshreppi, Steinn Eiríksson í Borgarfjarðarhreppi, Páll Baldursson í Breiðdalshreppi, Eiríkur Björn Björgvinsson á Fljótsdalshéraði, Hjalti Þór Vignisson í Sveitarfélaginu Hornafirði, Elliði Vignisson í Vestmannaeyjabæ, Stefanía Katrín Karlsdóttir í Sveitarfélaginu Árborg, Valgeir Jens Guðmundsson í Skaftárhreppi, Unnur Brá Konráðsdóttir í Rangárþingi eystra, Örn Þórðarson í Rangárþingi ytra, Ísólfur Gylfi Pálmason í Hrunamannahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir í Hveragerðisbæ, Sigfríður Þorsteinsdóttir í Grímsnes- og Grafningshreppi, Sigurður Jónsson í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Valtýr Valtýsson í Bláskógabyggð og Margrét Sigurðardóttir í Flóahreppi.

Embættismenn Reykjavíkurborgar: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir forseti borgarstjórnar, Björn Ingi Hrafnsson formaður borgarráðs. Þau tóku öll við eftir valdaskiptin í júní. – Þórhildur Líndal var ráðin mannréttindaráðgjafi Reykjavíkurborgar frá 1. nóvember.

Ýmis störf

1. mars varð Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. – Í mars var Björgólfur Jóhannsson ráðinn forstjóri Icelandic Group. – Í sama mánuði lét Lýður Guðmundsson af störfum sem forstjóri Bakkavarar og tók við stjórn Exista.

Í apríl sagði Ólafur G. Einarsson af sér sem formaður bankaráðs Seðlabankans, en Helgi S. Guðmundsson tók við. – Í sama mánuði var Arna Schram kosin formaður Blaðamannafélags Íslands. – Í apríl var Ágúst Guðmundsson kosinn forseti Bandalags íslenskra listamanna í stað Tinnu Gunnlaugsdóttur og Pétur Gunnarsson formaður Rithöfundasambands Íslands í stað

Björn Ingi Hrafnsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tóku við stjórn Reykjavíkurborgar eftir borgarstjórnarkosningarnar.

Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. – Í apríl lét Ellert B. Schram af starfi forseta í Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands og við tók Ólafur Rafnsson. Hann fékk 120 atkvæði í stjórnarkjöri en Sigríður Jónsdóttir 113.

Í byrjun maí var Þórólfur Árnason ráðinn forstjóri Skýrr. – Í maí var Ómar H. Kristmundsson kosinn formaður Rauða kross Íslands. Hann tók við af Úlfari Haukssyni.

Í júlí var Árni Einarsson ráðinn forstjóri Eddu útgáfu. – Í sama mánuði var Birna Svavarsdóttir skipuð formaður stjórnarnefndar Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Í lok ágúst var Þorgeir Pálsson ráðinn forstjóri Flugstoða ohf, sem tekur til starfa 1. janúar 2007.

1. september var Einar Sigurðsson ráðinn forstjóri Árvakurs í stað Hallgríms Geirssonar. – Í september var Halldór Halldórsson kosinn formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga með 68 atkvæðum. Smári Geirsson fékk 64. Talið var, að sjálfstæðismenn og vinstri grænir hafi kosið Halldór.

Í byrjun október var tilkynnt, að Kjartan Gunnarsson ætlaði að hætta sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og að Andri Óttarsson tæki við af honum. Kjartan hafði gegnt starfinu í 26 ár.

Kjartan Gunnarsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og Andri Óttarsson tók við.

FORSETI ÍSLANDS

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson átti fund með Tarja Halonen, forseta Finnlands, 23. maí. Hann var þá staddur í Helsinki til þess að flytja ræðu í boði finnsku kauphallarinnar. Forsetinn var síðan í heimsókn í Litháen í byrjun júní. Þar flutti hann setningarræðu á ársþingi evrópskra borga, sem hafa sameinast í baráttu gegn fíkniefnum. Þá ræddi Ólafur Ragnar við Valdás Adamkus, forseta Litháens.

Ólafur Ragnar Grímsson tók á móti George Bush, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna 4. júlí og var haldinn blaðamannafundur á Bessastöðum með þeim. Bush vildi þó ekki ræða heimsmálin. Hann fór síðan á laxveiðar í Selá í Vopnafirði í boði forseta Íslands. – Ólafur Ragnar opnaði þjóðlagasetur á Siglufirði 8. júlí. Það er í svokölluðu Maddömuhúsi, en þar bjó séra Bjarni Þorsteinsson þjóðlagasafnari um tíma. – 10. júlí var Ólafur Ragnar kominn vestur til Bandaríkjanna ásamt konu sinni Dorrit Moussaieff. Hann fór þangað í þetta sinn sem stuðningsmaður í starfi Special Olympics, þ.e. Ólympíuleikum fyrir andlega fatlaða einstaklinga. Ólafur og Dorrit sátu kvöldverð-

Forseti Íslands og frú tóku á móti George Bush, fyrrum Bandaríkjaforseta, á Bessastöðum.

arboð George W. Bush í Hvíta húsinu, og var Ólafur eini erlendi þjóðhöfðinginn í þessu boði.

Karalos Papoulias forseti Grikklands og kona hans May Popoulia komu í opinbera heimsókn 5. júlí. Forsetinn kynnti sér atvinnulíf á Íslandi og sótti Grindavík heim.

31. júlí fékk frú Dorrit Moussaieff íslenskan ríkisborgararétt.

Ólafur Ragnar Grímsson sótti níunda heimsþing um endurnýjanlega orkugjafa í Flórenz í ágúst. Hann afhenti fulltrúa Kýpverja verðlaun „fyrir hlutfallslega mesta aukningu í notkun endurnýjanlegra orkugjafa síðustu tvö ár“. – Í september fékk Ólafur Ragnar Grímsson verðlaun fyrir forystu í umhverfismálum: „Global Environmental Leadership Award“.

Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff fóru í opinbera heimsókn til Austur-Skaftafellssýslu dagana 25. og 26. apríl. Fyrst heimsótti forsetinn Höfn í Hornafirði, en seinni daginn var fyrst farið austur í Lón en síðan var haldið vestur á bóginn og heimsókninni lauk í Skaftafelli.

HERVARNIR

Geir H. Haarde utanríkisráðherra hitti Condolezzu Rice utanríkisráðherra og Nicholas Burns í Washington 2. febrúar og voru varnir Íslands til umræðu, þ.e. framkvæmd varnarsamningsins frá 1951. Á þessum fundi lagði Geir áherslu á það, að Varnarliðð yrði áfram með einhverja starfsemi. Hann sagði Íslendinga tilbúna til að greiða hluta af kostnaði við liðið, einkum við björgunarflug og rekstur flugvallarins almennt. Ekkert kom fram í fréttum um algera brottför hersins.

15. mars hringdi Nicholas Burns til Geirs H. Haarde og tilkynnti honum að Varnarliðið færi á brott ekki síðar en í lok september. Álitið er, að þetta hafi verið persónuleg ákvörðun George W. Bush Bandaríkjaforseta að áeggjan Donalds Rumsfelds varnarmálaráðherra. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði þessa ákvörðun valda sér vonbrigðum og hann hefði vonast til að komist yrði að niðurstöðu á viðræðufundum með fulltrúum þjóðanna. Þá vildi hann enn halda til streitu hugmyndunum um sýnilegar varnir. Geir H. Haarde utanríkisráðherra sagði varnir Íslands ekki bara mál Íslendinga og Bandaríkjamanna. Aðrar NATÓ-þjóðir ættu að koma þar að, einkum þá Danir og Norðmenn. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi þessa ákvörðun hafa legið í loftinu lengi og ríkisstjórnin hefði því átt að vera betur búin undir hana. Ögmundur Jónasson fagnaði brottför hersins.

31. mars fóru fram í Reykjavík viðræður um viðskilnað Varnarliðsins. Engar niðurstöður urðu af þeim, en til þessara viðræðna kom 26 manna sendinefnd. Carol van Voorst, sendiherra á Íslandi, stýrði bandarísku nefndinni, en enginn ráðherra kom frá Bandaríkjunum.

Í apríl gáfu forystumenn ríkisstjórnarinnar mismunandi yfirlýsingar í varnarmálum. Geir H. Haarde sagði, að eingöngu væri unnt að semja við Bandaríkin um framhald hervarna, en Halldór Ásgrímsson sagði að ræða ætti við Evrópuþjóðir. Í skoðanakönnun, sem gerð var í júní, vildu 54% aðspurðra segja varnarsamningnum upp, 25% voru á móti uppsögn, en 21% tóku ekki afstöðu.

Morgunblaðið

Viðskipti og Þróttir í dag

George W. Bush ákvaðst á Bandaríkjaþingi drugi stríðsins úr viðræðum á Keflavíkurflugvelli

Allar þyrlur og herþotur verða fluttar á brott í haust

■ Hubble Ágrinnum fæstarbúðarherra segir ákvörðun Bandaríkjamanna valda vonbrigðum

■ Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir að tryggja verði hér eftirlitsgar lágmarksvarnir

Alls um 1250 bandarísk-ir hermenn í stöðinni

KB banki hagnast um milljarða við sig krónu

SÞ stofnar nýtt mannréttindaráð

Forsíða Morgunblaðsins 16. mars.

Fáni Bandaríkjanna dreginn niður í herstöðinni í Keflavík 30. september.

James L. Jones. yfirhershöfðingi NATO kom til Íslands 19. júní og ræddi hermálin við forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Orustuþoturnar þrjár, sem voru tákn fyrir varnir Íslands, flugu á brott um hádegi 11. ágúst og héldu til Missouri. Síðust

fór F-15 þotan SL-038. Hún kom fyrst til Íslands 1985. Með brottför þessara flugvéla lauk 60 ára sögu bandarískra loftvarna á Íslandi. Tvær björgunarþyrlur voru áfram til loka september. Táknræn kveðjuathöfn hersins fór fram 1. september. Henni stýrði Craig A. Croxton ofursti, yfirmaður Varnarliðsins.

Eftir viðræður bandarískra og íslenskra aðila tilkynntu þeir Geir H. Haarde nú forsætisráðherra og Jón Sigurðsson, starfandi utanríkisráðherra, 26. september, að samkomulag hefði tekist um varnarmálin. Fól það m.a. í sér, að varnarsamningurinn frá 1951 væri enn í gildi. Varnir Íslands væru tryggðar með öflugum og hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla Bandaríkjamanna. Ýmsir töldu að varnarsamningurinn hefði fallið úr gildi með einhliða ákvörðun bandarísku stjórnarinnar. Ef hann væri enn í gildi kæmi sterklega til greina að segja honum upp.

11. október var síðan undirritað í Washington samkomulag um varnir Íslands. Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir og Condolezza Rice skrifuðu undir. Í þessu samkomulagi var gert ráð fyrir því að Íslendingar tækju við öllum mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli án endurgjalds. Auk flugvallar og flugskýla voru á vellinum um 900 fjölskylduíbúðir, einstaklingsíbúðir, íþróttahús, sundlaug, matsölustaðir, grunnskóli o.s.frv. Á móti þessu kæmi, að Bandaríkjamenn þyrftu ekki að hreinsa upp hugsanlega mengun á varnarsvæðinu.

IÐNAÐUR

Hagur íslenskra iðnfyrirtækja annarra en stóriðjufyrirtækjanna var heldur slakur á árinu 2006. Stöfuðu erfiðleikarnir einkum af háu gengi krónunnar. Áfram var einna verst staða hinna svonefndu hátæknifyrirtækja og sprotafyrirtækja.

Stóriðja

Starfsemi álfyrirtækjanna Alcan á Íslandi hf. í Straumsvík og Norðuráls á Grundartanga gekk allvel á árinu. Framleiðslan var í hámarki þ.e. um 180.000 tonn í Straumsvík og 90.000 tonn á Grundartanga. Verðlag á áli á heimsmarkaði var mjög hátt. 18. júní varð alvarleg rafmagnsbilun í álverinu í Straumsvík og varð

Valgerður Sverrisdóttir og Alfreð Þorsteinsson voru viðstödd, þegar straumi var hleypt á fyrstu kerin í nýjum áfanga Norðuráls.

að loka 120 kerum. Af þessu hlaust verulegt framleiðslutap, en það varð þó minna en menn óttuðust í fyrstu.

Straumi var hleypt á fyrstu kerin í nýju álveri Norðuráls 15. febrúar. Logan W. Kruger, forstjóri Century Aluminium og Valgerður Sverrisdóttir klipptu á borða við það tækifæri. Á Grundartanga lauk framkvæmdum við stækkun í byrjun október og fer áætluð ársframleiðsla nú í 200.000 tonn.

Starfsemi íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga gekk vel á árinu. Framleidd voru um 120.000 tonn af kísiljárni, og var velta félagsins um sjö milljarðar. Starfsmenn voru um 200. Áform eru uppi um að flytja magnesium kísilmálm framleiðslu Elkems á Grundartanga.

1. mars var tilkynnt í New York, að Alcoa hefði valið Húsavík fyrir framtíðarstað fyrir álver. Orkan kemur væntanlega frá háhitasvæðunum við Þeistareyki, Gjástykki, Kröflu eða Bjarnarflag. – 11. maí skrifuðu Alcan og Orkuveita Reykja-

víkur undir samning um orkusölu vegna stækkunar í Straumsvík. Samningurinn er upp á 200 megavött, en það er um 40% af orkuþörfinni.

Miklar framkvæmdir voru við byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði. Um helmingi byggingaframkvæmda var lokið í byrjun september og um 75% um áramót. Að jafnaði unnu um 1.000 Pólverjar að verkinu, 150 Íslendingar og um 150 frá öðrum löndum.

Ýmislegt

Hagur Sementsverksmiðjunnar á Akranesi vænkaðist enn nokkuð á árinu og varð hagnaður á rekstri hennar. Sala á sementi frá verksmiðjunni nam um 140.000 tonnum á árinu. Uppi eru áform um að auka framleiðslu verksmiðjunnar um 50.000 tonn á ári. – Fyrirtækin Merkúr og Steypustöðin voru sameinuð á árinu undir nafninu MEST. – Helgi Magnússon var í mars kosinn formaður Samtaka iðnaðarins í stað Vilmundar Jósefssonar.

Útflutningur á iðnaðarvörum nam á árinu 93.020 milljónum króna, og er það veruleg aukning frá árinu áður (66.776). Útflutningur í helstu tegundum (meira en 5.000 millj.) af iðnvarningi árið 2006 í milljónum króna (í svigum tölur frá 2005):

Ál	57.027	(35.997)
Lyf og lækningatæki	11.340	(10.653)
Kísiljárn	5.880	(6.074)

ÍBÚAR ÍSLANDS

31. desember 2006 var íbúatala Íslands 307.672 (299.891 árið áður). Af þeim voru karlmenn 156.576 (151.202) og konur 151.096 (148.689). Fjölgun Íslendinga á árinu var 2,60% (2,20% árið áður). Aðfluttir umfram brottflutta á árinu 2006 voru 5.255 (3.860). Aðstreymi fólks frá útlöndum skýrir hina miklu fólksfjölgun, sem er hin mesta frá því fyrir 1960. 9. janúar fæddist

Halldór Ásgrímsson fagnar 300.000. Íslendingnum.

300.000. íbúi Íslands. Það var sonur Erlu Maríu Andrésdóttur og Haralds Arnarsonar í Reykjanesbæ.

Á árinu fæddust 4.415 lifandi börn (4.280). Af þeim voru sveinbörn 2.258 (2.183) og 2.157 meybörn (2.097). Skilgetin börn, þ.e. foreldrar í hjónabandi, voru 1.518 (1.467) en óskilgetin 2.897 (2.813). Af þeim, sem talin eru óskilgetin, voru 2.276 börn, þar sem móðir var í sambúð (2.176), en 621 án sambúðar (615). Hjónavígslur á árinu voru 1.681 (1.607) og af þeim voru 1.367 kirkjulegar vígslur og 314 borgaralegar vígslur. Lögskilnaðir á árinu voru 498 (560). Dánir á árinu voru 1.901 (1.836), 942 konur (891) og 959 karlar (945).

Hinn 1. janúar sameinuðust Bólstaðarhlíðarhreppur, Sveinsstaðahreppur, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur. Nýi hreppurinn var nefndur Húnavatnshreppur. – Vatnsleysustrandarhreppur varð í janúar Sveitarfélagið Vogar. Bæjarstjórn kom í stað hreppsnefndar.

Af íbúum landsins voru 252.234 í Þjóðkirkjunni hinn 1. desember 2006 (251.728 árið áður), í Fríkirkjunni í Reykjavík

7.009 (6.597), í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 4.757 (4.566), í Óháða söfnuðinum í Reykjavík 2.716 (2.653).

Önnur skráð trúfélög:

Rómversk-kaþólskir	7.283	(6.451)
Hvítasunnumenn	1.882	(1.854)
Ásatrúar	1.039	(953)
Aðventistar	765	(755)
Vegurinn	706	(704)
Vottar Jehóva	684	(670)
Krossinn	669	(656)
Búddistafélag Íslands	650	(631)
Baháísamfélag	400	(389)
Félag Múslima á Íslandi	352	(341)
Íslenska Kristskirkjan	249	(225)
Kirkja Jesú Krists h.s.d.h.	176	(184)
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins	171	(144)
Fæðing heilagrar guðsmóður	161	(163)
Betanía	157	(160)
Kefas-kristið samfélag	148	(146)
Boðunarkirkjan	97	(98)
Zen á Íslandi-Nátthagi	63	(54)
Sjónarhæðarsöfnuður	59	(56)
Samfélag trúaðra	40	(39)
Baptistakirkjan	31	(14)

Í öðrum trúfélögum og ótilgreindir voru 16.744 (11.794), utan trúfélaga voru 7.997 (7.379).

Íbúatala íslenskra kaupstaða og bæja var 31. desember 2006 sem hér segir (í svigum eru tölur frá 31. desember 2005):

Reykjavík	116.642	(114.968)
Mosfellsbær	7.516	(7.165)
Akranes	5.976	(5.786)
Borgarbyggð	3.710	
Snæfellsbær	1.709	(1.731)

Stykkishólmur	1.142	(1.166)
Vesturbyggð	939	(964)
Bolungarvík	902	(920)
Ísafjarðarbær	4.090	(4.108)
Blönduósbær	892	(903)
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.083	(4.106)
Fjallabyggð	2.280	
Dalvíkurbyggð	1.958	(1.924)
Akureyri	16.822	(16.756)
Norðurþing	3.011	
Seyðisfjörður	726	(736)
Fljótsdalshérað	4.653	(3.990)
Fjarðabyggð	5.713	
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.181	(2.181)
Vestmannaeyjar	4.084	(4.172)
Sveitarfélagið Árborg	7.311	(6.987)
Hveragerði	2.184	(2.084)
Grindavík	2.701	(2.614)
Sandgerði	1.660	(1.538)
Reykjanesbær	11.952	(11.367)
Hafnarfjörður	23.751	(22.498)
Garðabær	9.556	(9.444)
Kópavogur	27.525	(26.512)
Seltjarnarnes	4.471	(4.471)

Þessi sveitarfélög önnur en kaupstaðir og bæir (kauptún eða byggðarkjarnar og sveit) höfðu fleiri en 500 íbúa hinn 31. desember 2006 (í svigum eru tölur frá 31. desember 2005):

Sveitarfélagið Álftanes	2.276	(2.205)
Ölfus (Þorlákshöfn o.fl.)	1.846	(1.794)
Rangárþing eystra	1.696	(1.669)
Rangárþing ytra	1.528	(1.454)
Sveitarfélagið Garður	1.487	(1.377)
Húnaþing vestra	1.167	(1.174)
Sveitarfélagið Vogar	1.112	(1.019)
Eyjafjarðarsveit	1.004	(981)

Grundarfjarðarbær	949	(975)
Bláskógabyggð	928	(924)
Hrunamannahreppur	786	(766)
Vopnafjarðarhreppur	712	(726)
Þingeyjarsveit	700	(687)
Dalabyggð	681	(639)
Hvalfjarðarsveit	608	
Höfðahreppur (Skagaströnd)	532	(545)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	528	(521)
Fljótsdalshreppur	526	
Langanesbyggð	520	
Strandabyggð	507	

Aðeins einn hreppur, Árneshreppur á Ströndum hafði færri íbúa en 50 hinn 31. desember 2006. Þeir voru 49.

ÍÞRÓTTIR

Badminton. Meistaramót Íslands fór fram í Reykjavík í byrjun apríl. Í einliðaleik varð Helgi Jóhannesson (TBR) Íslandsmeistari í karlaflokki annað árið í röð, en Ragna Ingólfsdóttir (TBR) í kvennaflokki. Ragna varð Íslandsmeistari fjórða árið í röð. Helgi Jóhannesson og Broddi Kristjánsson (TBR) sigruðu í tvíliðaleik karla en Sara Jónsdóttir (TBR) og Ragna Ingólfsdóttir í tvíliðaleik kvenna. Helgi Jóhannesson og Drífa Harðardóttir (TBR) sigruðu í tvenndarkeppni.

Blak. Stjarnan varð Íslandsmeistari í karlaflokki eftir úrslitakeppni við HK 3-2. – Þróttur Reykjavík varð Íslandsmeistari í kvennaflokki eftir baráttu við Þrótt Neskaupstað 3-1. – Stjarnan varð bikarmeistari í karlaflokki fjórða árið í röð, vann KA í úrslitaleik 3-1, en í kvennaflokki sigraði Þróttur Reykjavík KA 3-0.

Borðtennis. Íslandsmótið fór fram í Reykjavík í byrjun mars. Í einliðaleik varð Guðmundur E. Stephensen (Víkingi) Íslandsmeistari í karlaflokki þrettánda árið í röð, en Guðrún Björnsdóttir (KR) í kvennaflokki annað árið í röð. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur E. Stephensen og Matthías Stephen-

sen (Víkingi) og í tvíliðaleik kvenna Kristín Hjálmarsdóttir (KR) og Guðrún Björnsdóttir. Guðmundur E. Stephensen sigraði ennfremur í tvenndarleik ásamt Magneu Ólafs (Víkingi).

Bridds. Íslandsmót í sveitakeppni í opnum flokki var haldið í Reykjavík í byrjun apríl. Sveit Eyktar sigraði og hlaut 213 stig. Skeljungssveitin varð í öðru sæti með 210 stig og sveit Ferðaskrifstofu Vesturlands í því þriðja með 192 stig. Í sigursveitinni voru Jón Baldursson sveitarforingi, Sverrir Ármannsson, Aðalsteinn Jörgensen, Þorlákur Jónsson, Sigurbjörn Hjartarson og Bjarni Einarsson. – Á Íslandsmóti í tvímenningi, sem fór fram í lok apríl, sigruðu þeir Hermann Lárusson og Þröstur Ingimarsson. – Esther Jakobsdóttir og Dóra Alexandersdóttir sigruðu í tvímenningskeppni kvenna, sem haldin var í október.

Fimleikar. Íslandsmót var haldið í Reykjavík í mars. Íslandsmeistarar í fjölþraut urðu Sif Pálsdóttir (Gróttu) í kvennaflokki og Viktor Kristmannsson (Gerplu) í karlaflokki en hann sigraði þriðja árið í röð. Sif sigraði í æfingum á tvíslá og í gólfæfingum. Meistarinn frá fyrra ári Kristjana Sæunn Ólafsdóttir (Gerplu) sigraði í æfingum á jafnvægisslá og í stökki. Róbert Kristmannsson (Gerplu) sigraði í æfingum á svifrá, á gólfi og í stökki, en Rúnar Alexandersson (Gerplu) í æfingum á bogahesti og tvíslá. Bikarmót í frjálsum æfingum var einnig haldið í mars. Lið Gerplu sigruðu bæði í karla- og kvennaflokki annað árið í röð.

Snemma í apríl fór fram í Kópavogi Norðurlandamót í fimleikum. Sif Pálsdóttir sigraði í fjölþraut á mótinu fyrst íslenskra kvenna. Hún sigraði í æfingum á tvíslá og varð í öðru sæti í gólfæfingum og á jafnvægisslá. Alls hlaut hún því tvenn gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun.

Frjálsíþróttir. Meistaramót Íslands innanhúss var haldið í Laugardalshöll 18.-19. febrúar. Silja Úlfarsdóttir sigraði í þremur greinum, 60 m hlaupi, 60 m grindahlaupi og 400 m hlaupi. Sveinn Elías Elíasson (Fjölni) setti fjölda unglingameta. – Víðavangshlaup ÍR var haldið í 91. sinn á sumardaginn fyrsta. Sigurvegari í karlaflokki var Kári Steinn Karlsson (Breiðabliki) á 15,33 mín., en Kristjana Ósk Kristjánsdóttir Howard (ÍR) sigraði í kvennaflokki á 19,52 mín.



Sif Pálsdóttir varð Norðurlandameistari í fjölþraut í fimleikum.

Meistaramót Íslands var haldið á Laugardalsvelli í lok júlí. Silja Úlfarsdóttir (FH) sigraði í fjórum einstaklingsgreinum, 100 m hlaupi, 200 m hlaupi, 400 m hlaupi og 400 m grinda-

hlaupi. Ásdís Hjálmsdóttir (Ármanni) sigraði í þremur greinum, kúluvarpi, spjótkasti og kringlukasti. Sveinn Elías Elíasson (Fjölni) setti tvö drengjamet á mótinu, í 100 og 200 m hlaupum. – Reykjavíkurmaraþon var haldið í 23. sinn laugardaginn 19. ágúst í björtu veðri en nokkrum vindi. Skráðir í hlaupið voru 10.192. Jiri Wallenfels frá Tékklandi sigraði í Maraþonhlaupinu sjálfu á tímanum 2:33,32 og Nathalie Freyling frá Frakklandi í kvennaflokki á tímanum 3:34,36. Stefán Viðar Sigtryggsson hljóp Maraþonhlaupið á skemmstum tíma Íslendinga, 2:53,52. Af konum fékk Valgerður E. Jónsdóttir bestan tíma, 3:39,15. Í hálfmaraþoni sigraði Michael Woerden frá Hollandi á tímanum 1:25,29. – Gamlárshlaup ÍR fór fram í 31. sinn í sæmilegu veðri. Kári Steinn Karlsson (Breiðabliki) sigraði og hljóp á 31,29 mínútum. Íris A. Skúladóttr (Fjölni) varð fyrst kvenna. Þátttakendur í hlaupinu, sem er um 10 kílómetrar, voru 576, sem er metþátttaka.

Glíma. Íslandsglíman var háð á Akureyri 1. apríl. Jón Birgir Valsson (KR) sigraði, hlaut Grettisbeltið og varð glímukóngur Íslands. Svana Hrönn Jónsdóttir (GFD) sigraði í svokallaðri Freyjuglímu, sem háð var í sjöunda sinn, og hlaut Freyjumenið. – KR-ingar sigruðu í sveitarglímu Íslands, sem fram fór í Reykjavík í lok apríl.

Golf. Íslandsmótið í höggleik var haldið á Urriðavelli í Garðabæ í lok júlí. Sigmundur Einar Maríasson (Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar) varð Íslandsmeistari í karlaflokki og Helena Árnadóttir (Golfklúbbi Reykjavíkur) í kvennaflokki. Þau urðu bæði Íslandsmeistarar í fyrsta sinn.

Handknattleikur. Fram varð Íslandsmeistari í karlaflokki með 43 stig, Haukar urðu í 2. sæti með jafnmörg stig og Valur í 3. sæti með 36 stig. 34 ár voru liðin frá því að Fram varð síðast Íslandsmeistari í handknattleik karla. Úrslitakeppni var ekki haldin, en átta efstu liðin keppa í úrvalsdeild á næsta ári en önnur lið leika í 1. deild. – ÍBV varð deildarmeistari í kvennaflokki með 31 stig. Valur varð í 2. sæti með 30 stig og Haukar í þriðja sæti einnig með 30 stig. Valsmenn urðu síðan Íslandsmeistarar eftir úrslitakeppni við Vestmanneyinga 2-0. – Í bikarkeppni karla sigraði Stjarnan Hauka í úrslitaleik með

Harpa Melsted, fyrirliði Hauka, faðmar félaga sinn eftir sigur í bikarkeppni.

24 mörkum gegn 20. – Í bikarkeppni kvenna sigruðu Haukar Stjörnuna með 29 mörkum gegn 25.

Á Evrópumeistaramóti. karla, sem haldið var í Sviss í janúar, urðu Íslendingar í 7. sæti. – Í júní léku Íslendingar tvo leiki við Svía um sæti á heimsmeistaramóti í Þýskalandi 2007. Íslendingar unnu fyrri leikinn sem háður var í Globen-höllinni í Stokkhólmi 32-28. Seinni leikurinn sem háður var 17. júní í Reykjavík tapaðist hins vegar 25-26. Útisigurinn dugði til þess að komast til Þýskalands.

Hestaíþróttir. Íslandsmót hestamanna var haldið á mótssvæði Gusts í Kópavogi um miðjan júlí. Þetta var 29. Íslandsmótið. Þórarinn Eymundsson vann það afrek að sigra bæði í tölti og fimmgangi í meistaraflokki á Krafti frá Bringu. Olit Amble á Suðra frá Holtsmúla sigraði í fjórgangi, Reynir Örn Pétursson á Baldvini frá Stangarholti í slaktaumatölti og Einar Öder Magnússon á Davíð frá Sveinatungu í gæðingaskeiði.

Íshokkí. Skautafélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari í karlaflokki í íshokkíi eftir sex ára bið. Félagið sigraði 3-0 í

Sigri fagnað á Svíum í Globen. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er fyrir miðju.

úrslitarimmu við Skautafélag Akureyrar. Í kvennaflokki sigraði skautafélagið Björninn Skautafélag Akureyrar 7-4 í úrslitaleik.

Heimsmeistaramót 3. deildarliða var haldið í Laugardal í lok apríl. Íslendingar unnu alla andstæðinga sína, sem voru Lúxemborgarar, Armenar, Írar og Tyrkir, og urðu þannig efstir í 3. deild í íshokkíi.

Íþróttamaður ársins. Guðjón Valur Sigurðsson handknattleiksmaður í Þýskalandi var kosinn íþróttamaður ársins. Hann hlaut 405 atkvæði af 460. Eiður Smári Guðjohnsen fékk 333 og Ólafur Stefánsson 188.

Íþróttir fatlaðra. Í desember kepptu þrír Íslendingar á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi í Durban í Suður-Afríku. Kristín Rós Hákonardóttir varð í þriðja sæti í tveimur sundum og í fjórða sæti í einu. – Jón Oddur Halldórsson náði góðum árangri í spretthlaupum á ýmsum alþjóðlegum mótum.

Júdó. Íslandsmót var haldið í Reykjavík seint í apríl. Bjarni Skúlason (Ármanni) sigraði í opnum flokki karla, Þorvaldur Blöndal (Ármanni) í 90 kg flokki og Vernharð Þorleifsson (Ármanni) í +100 kg flokki. Gígja Guðbrandsdóttir (Júdófélagi

Íþróttamaður ársins Guðjón Valur Sigurðsson ásamt fjölskyldu sinni.

Reykjavíkur) sigraði í opnum flokki kvenna og einnig í 70 kg flokki. Ármann sigraði í sveitarkeppni.

Knattspyrna. FH-ingar urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu utanhúss í karlaflokki þriðja árið í röð. Þeir hlutu 36 stig og markatöluna 31-14, KR varð í öðru sæti með 30 stig og Valur í þriðja sæti með 29 stig. Grindavík og ÍBV féllu úr úrvalsdeild. Fram sigraði í 1. deild með 41 stig og fluttist í úrvalsdeild ásamt HK, sem hlaut 32 stig. Haukar féllu í 2. deild. – Í úrvalsdeild kvenna sigraði Valur. Liðið hlaut 39 stig og markatöluna 90-8. Breiðablik varð í 2. sæti með 36 stig. FH féll í 1. deild. Fjölnir sigraði í 1. deild kvenna og flyst í úrvalsdeild. Eftir kærumál fylgir ÍR þeim upp.

Marel Baldvinsson Breiðabliki varð markahæstur í úrvalsdeild karla með 11 mörk, Björgólfur Takefusa KR varð í öðru sæti með 10 mörk og Jóhann Þórhallsson Grindavík í þriðja sæti einnig með 10 mörk. – Í úrvalsdeild kvenna varð Margrét

Færeyingurinn Rógvi Jacobsen fagnar marki KR gegn Blikum.

Lára Viðarsdóttir úr Val markahæst með 34 mörk og Nína Ósk Kristinsdóttir Keflavík í öðru sæti með 24 mörk. – Viktor Bjarki Arnarsson Víkingi og Margrét Lára Viðarsdóttir Val voru valin leikmenn ársins, en Birkir Már Sævarsson Val og Guðný Björk Óðinsdóttir Val efnilegustu knattspyrnumennirnir.

Keflavík sigraði í bikarkeppni karla, vann KR í úrslitaleik 2-0. Guðjón Árni Antoníusson og Baldur Sigurðsson skoruðu mörk Keflvíkinga. Valur sigraði í bikarkeppni kvenna. Vann Breiðablik í vítakeppni eftir 3-3 jafntefli í venjulegum leiktíma.

Aðalverkefni íslenska karlalandsliðsins á árinu 2006 var þátttaka í undankeppni Evrópumeistarakeppninnar. Fyrsti leikurinn var við Norður-Íra í Belfast 2. september. Íslendingar unnu 3-0 og skoruðu þeir Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Hermann Hreiðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen mörkin. Eftir þennan sigur voru væntingar miklar fyrir leik við Dani, sem fram fór á Laugardalsvellinum 8. september. Um tíu þúsund manns mættu á völlinn, en svo fór, að Danir unnu auðveldan sigur 2-0. – Ekki gekk betur í næsta leik sem var við Letta í Riga 7. október. Lettar unnu þann leik 4-0. Síðasti leikur í und-

ankeppni Evrópumeistaramótsins var við Svía 11. október á Laugardalsvelli. Svíar unnu þann leik 2-1 og það var Arnar Þór Viðarsson, sem skoraði mark Íslendinga. – Á árinu lék íslenska karlalandsliðið vináttuleiki við Trínidad og Tóbago í London og tapaðist sá leikur 0-2. Hins vegar náði íslenska landsliðið jafntefli við Spánverja á Laugardalsvelli 15. ágúst að viðstöddum 12.000 áhorfendum.

Íslenska kvennalandsliðið lék fimm leiki í undankeppni heimsmeistaramótsins 2007. Fyrst unnu Íslendingar Hvít-Rússa í Minsk 6. maí 2-1, þar sem Katrín Jónsdóttir og Ásthildur Helgadóttir skoruðu mörkin. Síðan kom sigurleikur við Portúgal á Laugardalsvelli 18. júní. Margrét Lára Viðarsdóttir (2) og Gréta Mjöll Samúelsdóttir skoruðu. Vonin um að komast í lokakeppni HM dvínaði mjög við tap gegn Tékkum 2-4 á Laugardalsvelli 19. ágúst þar sem Ásthildur og Margrét Lára skoruðu og hvarf alveg við mikið tap gegn Svíum á heimavelli 26. ágúst 0-4. Síðasti leikur íslenska liðsins í þessari forkeppni var við Portúgal í Lissabon 28. september. Íslendingar unnu þann leik 6-0. Margrét Lára (4) og Katrín Jónsdóttir (2) skoruðu mörkin. – Íslenska kvennalandsliðið lék þrjá vináttuleiki á árinu og tapaði þeim öllum, við Englendinga 0-1, Holland 1-2 og Bandaríkin 1-2.

Íslandsmeistarar FH léku í 1. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu við eistneska liðið TVMK Tallinn og unnu útileikinn 3-2 en gerðu 1-1 jafntefli á heimavelli sínum. Í 2. umferð töpuðu FH-ingar hins vegar báðum leikjunum, sem voru við Legia Varsjá, 2-0 úti og 1-0 heima. Akurnesingar kepptu við danska liðið Randers í UEFA-bikarkeppninni og Valsmenn við annað danskt lið, Bröndby í sömu keppni. Bæði íslensku liðin voru slegin út í forkeppninni. Keflvíkingum tókst hins vegar að slá út norður-írska liðið Dunganon Swifts í fyrstu umferð Intertotokeppninnar en töpuðu síðan fyrir Lilleström frá Noregi.

Eiður Smári Guðjohnsen yfirgaf herbúðir Chelsea 14. júní og fór til Barcelona.

Kraftlyftingar. Íslandsmót var haldið í apríl í Garðabæ. Auðunn Jónsson vann besta afrek mótsins og lyfti samtals

Dagný Linda í bruni á Ólympíuleikunum.

1.040 kg. Þorvaldur Kristbergsson setti met í hnébeygju og lyfti 357,5 kg.

Körfuknattleikur. Keflvíkingar urðu deildarmeistarar í karlaflokki og hlutu 36 stig, Njarðvíkingar urðu í 2. sæti með 34 stig og KR-ingar í því þriðja með 30 stig. – Njarðvíkingar urðu síðan Íslandsmeistarar eftir sigur á Skallagrími í úrslitakeppni úrvalsdeildarinnar, 3-1. Njarðvíkingar urðu Íslandsmeistarar í 13. sinn. – Í kvennaflokki urðu Haukar deildarmeistarar með 38 stig, en Grindvíkingar urðu í 2. sæti með 28 stig og Keflvíkingar í því þriðja með 24 stig. – Haukar urðu síðan Íslandsmeistarar með því að vinna Keflvíkinga í úrslitakeppni, 3-0. – Grindvíkingar urðu bikarmeistarar í karlaflokki og unnu Keflavík 93-78. Í kvennaflokki vann ÍS bikarinn með sigri á Grindavík 88-73.

Ólympíuleikarnir í vetraríþróttum voru haldnir í Tórínó á Ítalíu seinni hluta febrúar. Þetta var í 22. sinn, sem vetrarleikar eru haldnir. Íslendingar sendu fimm keppendur á leikana og kepptu þeir allir í Alpagreinum. Dagný Linda Kristjánsdóttir

náði bestum árangri og varð í 23. sæti í bruni af 45 keppendum. Hún varð einnig 23. í risasvigi og 28. í Alpatvíkeppni. Sindri Már Pálsson varð 48. af 55 keppendum í bruni. Björgvin Björgvinsson, Kristinn Ingi Valsson og Kristján Uni Óskarsson kepptu í svigi.

Ólympískar lyftingar. Íslandsmót í ólympískum lyftingum var haldið í Reykjavík í lok september. Íslandsmeistari í 85 kg flokki karla varð Sigurður Einarsson (FH). Hann lyfti samtals 233 kg.

Rall. Systkinin Daníel Sigurðsson og Ásta Sigurðardóttir urðu Íslandsmeistarar í ralli á Mitsubishi Lancer.

Skák. Skákþing Íslands var haldið í Reykjavík í ágúst. Hannes Hlífar Stefánsson sigraði í landsliðsflokki og varð Íslandsmeistari sjötta árið í röð og sigraði í áttunda sinn á níu árum. Hannes sigraði Héðin Steingrímsson í fjögurra skáka einvígi. – Lenka Ptácniková varð Íslandsmeistari í kvennaflokki, en keppt var í honum í október. Hún vann allar sínar skákir.

Skíðaíþróttir. Skíðamót Íslands var haldið á skíðasvæðum í Ólafsfirði og á Dalvík um mánaðamótin mars-apríl. Í Ólafsfirði var keppt í göngu en í Alpagreinum á Dalvík. Skíðagöngukappinn Jakob Einar Jakobsson frá Ísafirði var sigursælastur í göngu karla, en Elsa Guðrún Jónsdóttir frá Ólafsfirði hlaut flest verðlaun í skíðagöngu kvenna. Björgvin Björgvinsson frá Dalvík sigraði bæði í svigi og stórsvigi karla og Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri í svigi og stórsvigi kvenna. Ísfirðingar sigruðu í boðgöngu bæði karla og kvenna.

Sund. Sundmeistaramót Íslands innanhúss í 50 m laug var haldið í Laugardalslaug í mars. Árangur var góður og nokkur Íslandsmet sett. Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir (ÍA)og Jóhann Jakob Sveinsson (Ægi) voru sigursælust á mótinu. Kolbrún sigraði í fimm einstaklingsgreinum og Jóhann sigraði í fjórum einstaklingsgreinum og í tveimur boðsundum. Örn Arnarson (SH) setti met í 100 m flugsundi, 54,11 sek. Þá setti ungur sundmaður, Birkir Már Jónsson (ÍRB) sitt fyrsta Íslandsmet. Það var í 200 m flugsundi, 2.08,27.

Bikarkeppni 1. deildar fór fram í Reykjavík í júlí. Sundfélagið

Tenniskappinn Arnar Sigurðsson.

Ægir sigraði þriðja árið í röð og fékk 28.204 stig, Íþróttabandalag Reykjanesbæjar varð í öðru sæti með 25.096 stig og Sundfélag Hafnarfjarðar í hinu þriðja með 23.019 stig. B-sveit Ægis og Fjölnir féllu í 2. deild, en Ármann og Aftureldingkomu upp í 1. deild. Góður árangur náðist í ýmsum greinum á mótinu

og boðsundssveit Ægis setti Íslandsmet í 4x100 m fjórsundi á tímanum 4.00,70.

Íslandsmót í 25 m laug var haldið í Laugardalslaug í nóvember. Þar setti Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir fimm Íslandsmet. Alls voru sett 12 Íslandsmet og níu unglingamet.

Á Evrópumeistaramótinu í Búdapest í byrjun ágúst settu þeir Jakob Jóhann Sveinsson og Örn Arnarson ný Íslandsmet. Jóhann bætti eigið met í 200 m bringusundi, 2.14,7 og Örn tvíbætti eigið met í 50 m flugsundi, 24,27. Örn varð tíundi í röðinni í sundinu.

Tennis. Íslandsmót í tennis var haldið um miðjan ágúst. Arnar Sigurðsson varð Íslandsmeistari í karlaflokki tíunda árið í röð. Hann sigraði Raj Bonifacius 6-3 og 6-1. Í kvennaflokki varð Íris Staup Íslandsmeistari. Hún sigraði Sigurlaugu Sigurðardóttur 6-1 og 6-1. Íris og Rakel Sigurðardóttir urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna, en Arnar og Raj sigruðu í tvíliðaleik karla.

KIRKJAN

Prestastefnan var haldin í Keflavík dagana 25.-27. apríl. Helstu málefni stefnunnar tengdust trúnni og hinni opinberu umræðu og áherslum í kærleiksþjónustu kirkjunnar. Kynnt voru drög að áliti kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar. Þessi nefnd var skipuð í kjölfar ályktunar, sem samþykkt hafði verið á Prestastefnu 2005. Ályktun þessi gekk út á það, hvernig bregðast skyldi við þeirri ósk, að Þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra para með hliðstæðum hætti og þegar um karl og konu er að ræða. Miklar umræður urðu um þetta mál á Prestastefnunni og varð málið ekki útrætt. Kenningarnefndinni var falið að starfa áfram.

Mótmæli gegn veitingu embættis sóknarprests í Keflavík settu svip á upphaf Prestastefnunnar. Af því tilefni gerði biskup hlutverk valnefnda að umræðuefni og sagðist hafa farið eftir vilja meirihluta valnefndarinnar í Keflavíkursöfnuði, þegar hann veitti séra Skúla S. Ólafssyni embættið. Minnihluti valnefndarinnar vildi hins vegar veita embættið settum sóknarpresti og presti safnaðarins um langan tíma.

Kirkjan á Sæbóli á Ingjaldssandi.

Kirkjuþing, hið 37. í röðinni, var haldið í Grensáskirkju í Reykjavík í október. Sú breyting varð í skipan kirkjuþings, að fulltrúum var fjölgað úr 21 í 29. Þá var kjörgengi víkkað út, þar sem djáknar gátu nú hlotið kosningu sem vígðir menn. Fulltrúar vígðra manna urðu með þessum breytingum 12 en leikmenn 17. Pétur Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari, var kosinn forseti þingsins til fjögurra ára.

Þessir guðfræðingar tóku vígslu á árinu: Hildur Eir Bolladóttir til prestsþjónustu í Laugarnesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi (26. febrúar), Guðbjörg Arnardóttir til prestsþjónustu í Oddaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi (18. júní), Guðni Már Harðarson til prestsþjónustu sem skólaprestur á vegum Kristilegu skólahreyfingarinnar (25. júní), Ingólfur Hartvigsson til prestsþjónustu í Kirkjubæjarklaustursprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi (20. ágúst), Hans Guðberg Alfreðsson til prestsþjónustu í Garðasókn sem skólaprestur í Garðabæ (1. október), Guðmundur Örn Jónsson til prestsþjónustu í Vestmannaeyjaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi (1. október) og Sigríður Gunnarsdóttir til prestsþjónustu í Sauðárkrókprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi (15. október).

MANNALÁT

Nokkur úr hópi látinna (getið er starfs, sem hinn látni er einkum þekktur fyrir).

3. jan.: Jóhann Eyjólfsson stórkaupmaður
f. 19. maí 1919.

4. jan.: Sophus Guðmundsson skrifst.stjóri AB
f. 6. apríl 1918.

7. jan.: Þorbjörg Bjarnadóttir skólastj. á Ísafirði
f. 16. október 1922.

10. jan.: Gísli Hjartarson ritstjóri
f. 27. október 1947.

13. jan.: Kjartan G. Magnússon prófessor í stærðfr.
f. 20. mars 1952.

15. jan.: Magnús Már Lárusson rektor Háskóla Ísl.
f. 2. september 1917.

1. febr.: Gylfi Gíslason myndlistarmaður
f. 19. desember 1940.

7. febr.: Baldur G. Johnsen læknir
f. 22. október 1910.

9. febr.: Atli Már Árnason listmálari
f. 17. janúar 1918.

27. febr.: Jón Jónasson tannlæknir
f. 24. desember 1947.

2. mars: Hjálmur Sigurðsson glímukappi
f. 17. ágúst 1949.

8. mars: Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður
f. 15. september 1917.

8. mars: Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns
f. 28. júlí 1944.

9. mars: Jóna I. Hansen dönskukennari
f. 21. apríl 1935.

22. mars: Vigfús Jóhannsson líffræðingur
f. 3. september 1955.

23. mars: Óskar Vigfússon form. Sjómannasambandsins
f. 8. desember 1931.

23. mars: Þórarinn Ingi Þorsteinsson frjálsíþróttamaður
f. 24. febrúar 1930.

27. mars: Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður
f. 27. september 1946.
1. apríl: Guðfinna Einarsd. húsfr. frá Leysingjastöðum
f. 2. febrúar 1897. Guðfinna varð 109 ára og 57 daga.
3. apríl: Jóhann Pétursson vitavörður
f. 18. febrúar 1918.
7. apríl: Sigurður Demetz Franzson söngvari
f. 11. október 1912.
8. apríl: Hreggviður Hermannsson læknir
f. 22. júlí 1931.
10. apríl: Magnea Þorkelsdóttir biskupsfrú
f. 1. mars 1911.
11. apríl: Othar Hansson iðnverkfræðingur
f. 9. júní 1934.
15. apríl: Njáll Símonarson framkvæmdastjóri
f. 2. nóvember 1923.
16. apríl: Árni Stefánsson landfræðingur
f. 3. nóvember 1932.
22. apríl: Regína Thorarensen fréttaritari
f. 29. apríl 1917.
24. apríl: Haukur Eggertsson forstj. Plastprents
f. 8. nóvember 1913.
24. apríl: Þorbjörg Magnúsdóttir læknir
f. 12. október 1927.
26. apríl: Franz Gíslason þýðandi
f. 19. nóvember 1935.
27. apríl: Ólafur Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður
f. 22. nóvember 1948.
2. maí: Stefán Karlsson handritafræðingur
f. 2. desember 1928.
3. maí: Eiríkur Hreinn Finnbogason útgáfustjóri AB
f. 13. mars 1922.
4. maí: Ólafur F. Hjartar bókavörður
f. 15. október 1918.
24. maí: Þorkell Bjarnason ráðunautur, Laugarvatni
f. 22. maí 1929.
31. maí: Jóhannes R. Snorrason yfirflugstjóri
f. 12. nóvember 1917.

2. júní: Einar Ögmundsson form. Landssambands vörubifreiðarstjóra
f. 23. október 1916.
3. júní: Helga Jóhannsdóttir tónlistarfræðingur
f. 28. desember 1935.
8. júní: Bára Sigurjónsdóttir kaupkona
f. 20. febrúar 1922.
8. júní: Björn Guðbrandsson barnalæknir
f. 9. febrúar 1917.
8. júní: Gunnar A. Hilmarsson framkv.stj. Framsóknarfl.
f. 12. júní 1933.
15. júní: Gunnar Sigurðsson flugvallarstjóri
f. 4. september 1916.
20. júní: Engilbert Sigurðsson bóndi á Bakka í Ölfusi
f. 11. desember 1917.
29. júní: Anna Guðmundsdóttir bókavörður
f. 19. maí 1915.
3. júlí: Einar Sæmundsen formaður KR
f. 29. október 1919.
5. júlí: Guðrún P. Helgadóttir skólastjóri
f. 19. apríl 1922.
10. júlí: Bergsteinn Jónsson prófessor
f. 4. október 1926.
10. júlí: Hannes Jónsson sendiherra
f. 20. október 1922.
10. júlí: Valgarður Stefánsson eðlisfræðingur
f. 2. júní 1939.
11. júlí: Björn Hólmsteinsson útg.maður á Raufarhöfn
f. 21. janúar 1926.
16. júlí: Árni Heimir Jónsson menntaskólakennari
f. 24. apríl 1950.
17. júlí: Bragi Einarsson forstjóri í Eden
f. 19. ágúst 1929.
22. júlí: Brynhildur Jóhannsdóttir ráðherrafrú
f. 22. ágúst 1926.
29. júlí: Jón Aðalsteinn Jónsson forstöðumaður Orðabókar Háskólans
f. 12. október 1920.

4. ágúst: Ásthildur Teitsdóttir húsfreyja á Hjarðarfelli
f. 9. apríl 1921.
4. ágúst: Haukur Ragnarsson skógfræðingur
f. 3. október 1929.
10. ágúst: Jón G. Ívarsson fulltrúi
f. 30. janúar 1927.
12. ágúst: Agnar Þórðarson rithöfundur
f. 11. september 1917.
13. ágúst: Bjarki Magnússon læknir
f. 28. júlí 1929.
22. ágúst: Magnús H. Magnússon bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og ráðherra
f. 30. september 1922.
27. ágúst: Leifur Þórarinsson bóndi í Keldudal í Skag.
f. 25. júní 1936.
12. sept.: Magnús Kjartansson myndlistarmaður
f. 4. ágúst 1949.
13. sept.: Snær Jóhannesson fornbókasali
f. 10. nóvember 1925.
14. sept.: Ívar Björnsson verslunarskólakennari
f. 28. júlí 1919.
21. sept.: Halldór Grímsson efnafræðingur
f. 24. desember 1919.
27. sept.: Dr. Jakob Sigurðsson matvælaverkfræðingur
f. 15. febrúar 1916.
28. sept.: Einar Þorláksson listmálari
f. 19. júní 1933.
1. okt.: Stefanía Runólfsdóttir kaupkona
f. 9. janúar 1912.
4. okt.: Haukur Þórðarson yfirlæknir á Reykjalundi
f. 3. desember 1928.
13. okt.: Tryggvi Blöndal skipstjóri
f. 3. júlí 1914.
16. okt.: Jóhann Guðmundsson efnaverkfræðingur
f. 16. febrúar 1930.
24. okt.: Gunnar Helgason forstöðumaður Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur
f. 10. apríl 1925.

26. okt.: Sigurður M. Helgason borgarfógeti
f. 22. maí 1910.
26. okt.: Þorsteinn Thorarensen rithöfundur og bókaútgefandi
f. 26. ágúst 1927.
28. okt.: Sólveig Pálsdóttir húsfreyja á Svínafelli
f. 20. ágúst 1897. Elsti Íslendingur fyrr og síðar, 109 ára og 68 daga.
29. okt.: Gylfi Gröndal rithöfundur
f. 17. apríl 1936.
30. okt.: Andrés Ásmundsson læknir
f. 30. júní 1916.
2. nóv.: Sigfús J. Johnsen kennari
f. 25. nóvember 1930.
9. nóv.: Guðm. Baldvinsson veitingam. á Mokka
f. 30. júlí 1923.
13. nóv.: Kjartan Árnason rithöfundur
f. 12. febrúar 1959.
28. nóv.: Þorkell G. Sigurbjörnsson forseti Gídeonfél.
f. 3. júní 1912.
2. des.: Sveinn Kristinsson blaðam. og skákmeistari
f. 2. mars 1925.
9. des.: Séra Magnús Guðmundsson sóknarprestur
f. 29. janúar 1925.
30. des.: Indriði Guðmundsson klæðskeri
f. 18. september 1966.
30. des.: Magnús E. Baldvinsson úrsmíðameistari
f. 12. desember 1927.
31. des.: Aðalsteinn Sigurðsson fiskifræðingur.
f. 13. júní 1913.
31. des.: Ólafur Jónsson bæjarfulltr. í Kópavogi
f. 6. mars 1919.
31. des.: Sigrún Guðmundsdóttir kennari og hreppstjóri í Grindavík
f. 9. maí 1916.

Rjúpur í vetrarbúningi.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Jarðskjálftar

Hinn 5. mars kl. 10.20 varð jarðskjálfti, 4,3 stig á Richter um 3,8 km norðnorðvestur af Grímsey. Fjöldi smærri skjálfta fylgdi á eftir. – 6. mars kl. 14.31 kom skjálfti, 4,6 á Richter, suðaustur af Kleifarvatni. – 24. september kl. 18.30 varð jarðskjálfti undir Dyngjujökli norðan við Bárðarbungu. Hann var 3,8 stig.

Hlaup, flóð og skriður

Hinn 21. apríl hófst hlaup í Skaftá. Það var úr eystri og stærri Skaftárkatli og fór að hluta til vesturs. Hlaupið telst með hinum stærri og mældist það 636 rúmmetrar á sekúndu í Eldvatni við Ása 23. apríl. Líklega hefur það í byrjun verið yfir 1.000 rúmmetrar við upptökin.

Skriður féllu úr Steinafjalli undir Eyjafjöllum 10. febrúar. Skemmdir urðu á gróðri.

Dýraríkið

Arnarstofninn á landinu var 66 pör og hefur hann aldrei verið stærri, a.m.k. síðan 1920. Varp arna gekk þó illa vegna slæms tíðarfars. – Veiði var leyfð á 45 þúsund rjúpum á tímabilinu 15. október til 30. nóvember. Bannað var að veiða á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum. Talið er að veiðst hafi 30-37 þúsund rjúpur. – Mikill fjöldi haftyrðla sást á Eyjafirði í desember. Hins vegar sáust varla hefðbundnar svartfuglstegundir svo sem langvía, stuttnefja og álka.

Leyft var að veiða 909 hreindýr (800 árið áður). Af þeim voru 475 tarfar (392 árið áður).

Hvalreki

Í desember rak búrhval á Þykkvabæjarfjöru. Hann var 12 m langur og talinn vega um 25 tonn. Á milli jóla og nýárs rak svo langreyði á fjöru á Sólheimasandi.

Annað

Skógfræðinemar við Landbúnaðarháskóla Íslands mældu um sumarið hæstu tré Íslands. Hæst reyndist vera 23,7 m sitkagrenitré á Kirkjubæjarklaustri. Alaskaösp á Hallormsstað var 23,1 m og Alaskaösp í Fljótshlíð 22,5 m. Hæsta innlenda birkitréð var í Vaglaskógi 14,0 m. – Í lok ágúst varð mikið tjón í laxeldiskvíum hjá fiskeldisstöðinni Sæsilfri í Mjóafirði. Orsökin var sú, að marglyttur komust í kvíarnar, en sterkur straumur bar þær inn í fjörðinn.

PRÓF

Lokapróf við Háskóla Íslands

Á árinu 2006 luku 1.487 stúdentar embættisprófum eða M.A.-, M.S.-, B.S.-, B.A.- og B.Ph. Isl.-prófum frá 11 deildum Háskóla Íslands, og 101 lauk viðbótarnámi frá félagsvísindadeild. Alls luku því 1.588 stúdentar prófi frá skólanum (1.332 árið áður).

Guðfræðideild (22): Embættispróf í guðfræði 7, M.A.-próf í guðfræði 2, B.A.-próf í guðfræði 9, B.A.-próf í guðfræði, djáknanám 2, djáknanám viðbótarnám 2.

Læknadeild (81): Embættispróf í læknisfræði 40, M.S.-próf í heilbrigðisvísindum 5, B.S.-próf í læknisfræði 1, M.S.-próf í líf- og læknavísindum 11, MHI meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði 1, doktorspróf 4, B.S.-próf í sjúkraþjálfun 19.

Lagadeild (114): Embættispróf í lögfræði 48, Lögritarar diplóma 2, LL. M-próf í lögfræði 1, B.A.-próf í lögfræði 62.

Viðskipta- og hagfræðideild (212): Kandídatspróf í viðskiptafræði 24, MBA próf í viðskiptafræði 45, M.S.-próf í hagfræði 6, M.S.-próf í viðskiptafræði 27, M.S.-próf í heilsuhagfræði 3, M.A.-próf í mannauðsstjórnun 17, Diplóma í viðskiptafræði 1, M.A. cc. Reikningshald og endurskoðun 8, B.S.-próf í hagfræði 18, B.S.-próf í viðskiptafræði 54, B.A.-próf í hagfræði 7, Diplóma í hagfræði 1, M.S.-próf í umhverfis- og auðlindafræði 3.

Hugvísindadeild (254): M.A.-próf í almennri bókmenntafræði 5, M.A.-próf í íslenskum bókmenntum 3, M.A.-próf í íslenskum fræðum 3, M.A.-próf í sagnfræði 3, M.A.-próf í ensku 1, M.A.-próf í hagnýtri spænsku 2, M.A.-próf í þýðingafræðum 2, M.A.-próf í tungutækni 1, M.A.-próf í dönsku 2, M.Paed-próf í íslensku 4, M.Paed-próf í ensku 1, M.Paed-próf í frönsku 1, M.Paed-próf í heimspeki 1, M.Paed-próf í þýsku 10, M.Paed-próf í dönsku 2.

B.A.-próf í almennri bókmenntafræði 9, B.A.-próf í almennum málvísindum 1, BA-próf í latínu 1, B.A.-próf í ensku 38, B.A.-próf í frönsku 8, B.A.-próf í heimspeki 24, B.A.-próf í íslensku 28, B.A.-próf í dönsku 5, B.A.-próf í ítölsku 3, B.A.-próf í latínu 1, B.A.-próf í norsku 2, B.A.-próf í sænsku 2, B.A.-próf í fornleifafræði 6, B.A.-próf í sagnfræði 33, B.A.-próf í spænsku 17, B.A.-próf í þýsku 5, B.A.-próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta 21, B.A.-próf í japönsku 3, B.A.-próf í listfræði 3, Diplómanám í hagnýtri íslensku 2, Diplómanám í hagnýtri þýsku 2.

Verkfræðideild (160): M.S.-próf í byggingarverkfræði 2, M.S.-próf í vélaverkfræði 5, M.S.-próf í iðnaðarverkfræði 11, M.S.-próf í tölvunarfræði 3, M.S.-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði 4, doktorspróf í vélaverkfræði 1.

B.S.-próf í umhverfis- og byggingarverkfræði 1, B.S.- próf í byggingarverkfræði 41, B.S.-próf í umhverfisverkfræði 4, B.S.-

Frá brautskráningu kandídata við Háskóla Íslands í febrúar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Kristín Ingólfsdóttir rektor ganga fremst.

próf í vélaverkfræði 14, B.S.-próf í véla- og iðnaðarverkfræði 1, B.S.-próf í iðnaðarverkfræði 31, B.S.-próf í efnaverkfræði 2, B.S.-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði 20, B.S.-próf í tölvunarfræði 11, B.S.-próf í hugbúnaðarverkfræði 8, Diplómanám í tölvurekstrarfræði 1.

Raunvísindadeild (178): M.S.-próf í stærðfræði 1, M.S.-próf í lífefnafræði 2, M.S.-próf í jarðfræði 2, M.S.-próf í matvælafræði 1, M.S.-próf í líffræði 5, M.S.-próf í landfræði 1, M.S.-próf í næringarfræði 1, M.S.-próf í umhverfisfræðum 2, M.S.-próf í efnafræði 3, M.S.-próf- í eðlisfræði 3, M.S.-próf í jarðeðlisfræði 3, M.Paed-próf í stærðfræði 1, fjögurra ára nám í líffræði 2, doktorspróf í jarðeðlisfræði 1, doktorspróf í eðlisfræði 1, doktorspróf í matvælafræði 1, doktorspróf í næringarfræði 1.

B.S.-próf í stærðfræði 13, B.S.-próf í efnafræði 8, B.S.-próf í eðlisfræði 7, B.S.-próf í jarðeðlisfræði 1, B.S.-próf í jarðfræði 10, B.S.-próf í landfræði 12, B.S.-próf í lífefnafræði 18, B.S.-próf í líffræði 39, B.S.-próf í matvælafræði 4, B.S.-próf í ferðamálafræði 34, Diplómanám í ferðamálafræði 1.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnar Stofnun Sæmundar fróða þar sem fjallað verður um sjálfbæra þróun og þverfaglegar rannsóknir.

Félagsvísindadeild (285 og 101 í viðbótarnámi): MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði 9, M.A.-próf í náms- og starfsráðgjöf 2, M.A.-próf í sálfræði 2, Cand.psych.-próf í sálfræði 11, M.A.-próf í stjórnmálafræði 1, MPA-próf í opinberri stjórnsýslu 14, M.A.-próf í fötlunarfræði 7, M.A.-próf í uppeldis- og menntunarfræði 9, M.A.-próf í félagsfræði 3, M.A.-próf í félagsráðgjöf 2, MSW-próf í félagsráðgjöf 5, M.A.-próf í þjóðfræði 1, M.A.-próf í mannfræði 9, M.A.-próf í kennslufræði 4, M.A.-próf í náms- og starfsráðgjöf 7, M.A.-próf í blaða- og fréttamennsku 6, M.A.-próf í alþjóðasamskiptum 2, MPA í opinberri stjórnsýslu 22, Diplómanám í opinberri stjórnsýslu 18, Diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði 4, Doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræði 1, Doktorspróf í mannfræði 1.

B.A.-próf í bókasafns- og upplýsingarfræði 15, B.A.-próf í félagsfræði 29, B.A.-próf í félagsráðgjöf 22, B.A.-próf í mannfræði 18, B.A.-próf í sálfræði 64, B.A.-próf í stjórnmálafræði 38, B.A.-próf í uppeldis- og menntunarfræði 22, B.A.-próf í þjóðfræði 13.

Viðbótarnám (eitt ár) í kennslufræði til kennsluréttinda 62, í náms- og starfsráðgjöf 22, félagsráðgjöf 7, hagnýtri fjölmiðlun 1, bókasafns- og upplýsingafræði 5.

Hjúkrunarfræðideild (158): M.S.-próf í hjúkrunarfræði 8, B.S.-próf í hjúkrunarfræði 79, embættispróf í ljósmóðurfræði 11, Diplóma-próf í hjúkrunarfræði 60.

Lyfjafræðideild (18): M.S.-próf í lyfjavísindum 3, Cand. pharm.-próf 12, doktorspróf í lyfjavísindum 3.

Tannlæknadeild (5)): Kandídatspróf í tannlækningum 4, M.S.-próf í tannlæknisfræði 1.

Lokapróf við Kennaraháskóla Íslands

Kennaraháskóli Íslands brautskráði 513 nemendur árið 2006 í grunndeild og 149 í framhaldsdeild. Alls voru því brautskráðir 662 nemendur (603 árið áður). Af þeim voru 565 konur og 97 karlar.

Grunndeild. B.Ed.-gráða í grunnskólakennarafræði 258, B.Ed.-gráða í leikskólakennarafræði 96, B.Ed.-gráða í leikskólakennarafræði-viðbótarnám 3, B.S.-gráða í íþróttafræði 37, B.A.-gráða í þroskaþjálfun 42, B.A.-gráða í þroskaþjálfun-viðbótarnám 4. Kennsluréttindanám 59, B.A.-gráða í tómstunda- og félagsmálafræði 11, tómstunda- og félagsmálafræði til diplómu 3.

Framhaldsdeild. Dipl.Ed.-gráða 135, M.Ed.-gráða í uppeldis- og menntunarfræði 14. Af brautskráningum með Dipl. Ed.-gráðu voru flestar í stjórnun menntastofnana 43 og í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði 26. Í þriðja sæti komu brautskráningar með áherslu á nám og kennslu ungra barna.

Lokapróf við Háskólann á Akureyri

Háskólinn á Akureyri brautskráði 342 nemendur árið 2006 (291 árið áður).

Heilbrigðisdeild (59): Diploma í heilbrigðisvísindum (30 ein) 6, framhaldsnám í heilbrigðisvísindum (60 ein) 1, hjúkrunarfræði 29, iðjuþjálfun-sérskipulegt nám 12, iðjuþjálfun-meistaranám 1, iðjuþjálfunarfræði 7, meistaragráða í hjúkrunarfræði 3.

Kennaradeild (151): Diploma í menntunarfræðum (30 ein) 6, framhaldsnám til meistaraprófs í menntunarfræðum (60 ein) 5, grunnskólabraut-hugvísinda- og tungumálasvið 5, grunnskólabraut-raunvísindasvið 7, grunnskólabraut-tónmenntasvið 1, grunnskólabraut-yngri barna svið 17, grunnskólakennarafræði-almennt svið 1, kennslufræði til kennsluréttinda (15 ein) 16, kennslufræði til kennsluréttinda (30 ein) 26, leikskólakennarafræði 67.

Viðskiptadeild (50): Viðskiptafræði-ferðaþjónusta 3, viðskiptafræði-fjármál 12, viðskiptafræði-markaðsfræði 11, viðskiptafræði-stjórnunarfræði 24.

Auðlindadeild (25): Líftæknibraut 5, meistaranám í auðlindafræði 1, meistaranám í sjávarútvegsfræði 1, sjávarútvegs- og fiskeldisbraut-fiskeldislína 3, sjávarútvegs- og fiskeldisbraut-sjávarútvegslína 12, umhverfis- og orkubraut-umhvefislína 3.

Upplýsingatæknideild (12): Tölvunarfræðibraut 12.

Félagsvísinda- og lagadeild (45): Fjölmiðlafræði 8, lögfræði 11, nútímafræði 5, samfélags- og hagþróunarfræði 9, sálfræði 12.

Lokapróf við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík brautskráði 560 nemendur árið 2006 (259 árið áður).

Lagadeild (68): BA-próf í lögfræði 68.

Viðskiptadeild (281): MBA próf 57, MSc próf 12, BSc próf 184, Diplóma 28.

Tækni- og verkfræðideild (211): MSc í tölvunarfræði 4, BSc í tölvunarfræði, tæknifræði, lífeindafræði og geislafræði 134, Diplóma í iðnfræði og kerfisfræði 22, frumgreina svið 51.

Lokapróf við Viðskiptaháskólann á Bifröst

Viðskiptaháskólinn á Bifröst brautskráði 72 nemendur árið 2006 (63 árið áður), sem skiptust þannig: Lagadeild 14, viðskiptadeild 46, meistarapróf í viðskiptadeild 1, meistararpróf í félagsvísinda- og hagfræðideild 2, diplómapróf í fjármálum og stjórnun 9.

Doktorspróf

Bandaríkin

Anna Ingeborg Pétursdóttir í atferlisgreiningu við Western Michigan háskóla (7. júlí). Ritgerðin nefnist: Mat á yrtri þjálfun og hlustunarþjálfun við kennslu flokkunarfærni.

Anna Lind Pétursdóttir í námssálfræði við Minnesota háskóla í Minneapolis (21. júlí). Ritgerðin nefnist: Einstaklingsmiðuð skyndigreining á snemmtækum inngripum vegna lestrarörðugleika.

Logi Viðarsson í rafmagnsverkfræði við Stanford háskóla í Paolo Alto í Kaliforníu (18. júní). Ritgerðin nefnist: Relaxation Specific Magnetic Resonance Imaging. Fjallað er um segulómun við lækningar.

Sigurður Óli Sigurðsson í sálfræði við Western Michigan háskóla í Kalamzoo. Ritgerðin nefnist: Investigating the Effects of Real-time Visual Feedback on Computer Workstation Posture. Fjallað er um notagildi sjónrænnar endurgjafar í rauntíma til þess að leiðrétta líkamsstöðu við notkun tölvu.

Sif Ríkharðsdóttir í bókmenntafræði við Washington háskóla í St. Louis (12. apríl). Ritgerðin nefnist: Cultural Transformations in Medieval Translations: French into Norse and English. Skoðað var hvernig þjóðfélagsleg gildi og skilningur á samfélaginu birtast og lýsa sér í þeim bókmenntaverkum sem sköpuð eru innan hvers menningarheims.

Skúli Guðmundsson í eðlisfræði við Florida háskóla (12. október). Ritgerðin nefnist: Studies of Lightcone Worldsheet Dynamics in Perturbation Theory and with Monte Carlo Simulations. Fjallað er um lausnaraðferðir fyrir sérstaka gerð heimsflatarfræði (Worldsheet Theory).

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir í hagfræði frá Miami háskóla í Florida. Ritgerðin nefnist: Health and Labour- Market Outcomes: The Case of Iceland. Fjallað er um samspil heilsu, lífsstíls og vinnumarkaðar á Íslandi.

England

Anna Kristín Sigurðardóttir í menntunarfræðum við háskólann í Exeter (21. mars). Ritgerðin nefnist: Studying and

Enchancing the Professional Learning Community for School Effectiveness in Iceland. Fjallað var um tengsl lærdómsmenningar í grunnskóla og árangurs skólans í samræmdum prófum.

Páll Freyr Jónsson í lífefnafræði við University College í London (10. nóvember). Ritgerðin nefnist: Computational Analysis of Protein-Protein Interactions. Fjallað er um rannsóknir á innbyrðis samskiptum próteina en þessi samskipti eru undirstaða efnaferla í frumum lífvera.

Páll Matthíasson í læknisfræði við Lundúnaháskóla (25. maí). Ritgerðin nefnist: Dealing with Treatment Resistance to Clocapine: Characteristics of Treatment Response in Schizophrenia. Fjallað er um ákveðna þætti í meðferð geðklofa.

Finnland

Jóhanna Gunnlaugsdóttir í upplýsinga- og skjalastjórn við háskólann í Tampere (25. nóvember). Ritgerðin nefnist: The Implementation and Use of ERMS: A Study in Icelandic Organizations. Fjallað er um innleiðingu og notkun á rafrænum skjalastjórnarkerfum (ERMS) í skipulagsheildum.

Holland

Sólveig Jónsdóttir í klíniskri taugasálfræði við ríkisháskólann í Groningen (27. september). Ritgerðin nefnist: ADHD and its Relationship to Comorbidity and Gender. Fjallað er m.a. um kynjamun á einkennum um athyglisbrest og ofvirkni.

Ísland

Anna Sigríður Ólafsdóttir í næringarfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands (24. febrúar). Ritgerðin nefnist: Næring og lífshættir kvenna á barneignaraldri.

Birkir Þór Bragason í líffræði við læknadeild Háskóla Íslands (10. febrúar). Ritgerðin nefnist: Rannsókn á próteinasamskiptum príon próteinsins PrPC og á áhrifum R151C breytileikans í príon-próteini kinda á meðhöndlun próteinsins.

Guðlaugur Jóhannesson í stjarneðlisfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands (16. júní). Ritgerðin fjallar um glæður

gammablossa (gamma-ray burst afterglow), en það er rafsegulgeislun sem fylgir í kjölfar gammablossa, orkumestu fyrirbæra alheims.

Gunnhildur Óskarsdóttir í uppeldis- og menntunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands (21. nóvember). Ritgerðin nefnist: Hugmyndir barna um mannslíkamann. Hvernig kennsla hefur áhrif á þróun hugmyndanna.

Hákon Hrafn Sigurðsson í lyfjafræði við lyfjafræðideild Háskóla Íslands (1. mars). Ritgerðin nefnist: Lyfjagjöf í auga og slímhimnuviðloðandi fjölliður.

Helga Margrét Pálsdóttir í matvælafræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands (23. júní). Ritgerðin nefnist: Nýstárleg gerð trypsíns úr Atlantshafsþorski. Fjallað er um það, að meltingarensímið trypsín er mikilvægt fyrir þroska og lífsafkomu þorsksins.

Jón Hallsteinn Hallsson í erfðafræði við læknadeild Háskóla Íslands (7. apríl). Ritgerðin nefnist: Virkni, varðveisla og breytingar á Mitf umritunarþættinum. Fjallað er um greiningu, byggingu, starfsemi og varðveislu Mitf gensins.

Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir í lyfjafræði við lyfjafræðideild Háskóla Íslands (29. maí). Ritgerðin nefnist: Fjölsykrur úr fléttum – Einangrun, byggingaákvörðun og in vitro ónæmisstýrandi áhrif.

Sigrún Guðmundsdóttir í örveirufræði við læknadeild Háskóla Íslands (16. júní). Ritgerðin nefnist: Listeria monocytogenes úr mönnum, matvælum og matvælaframleiðslu á Íslandi. Fjallað er um rannsóknir á bakteríunni Listeria monocytogenes.

Sonja Richter í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands (27. júní). Ritgerðin nefnist: Símæling á tæringarhraða í hitaveitukerfum.

Sveinn Einarsson í leiklistarfræðum við hugvísindadeild Háskóla Íslands (25. nóvember). Ritgerðin nefnist: A Peoples Theatre Comes of Age. A Study of the Icelandic Theatre 1860-1920. Fjallað er um þá niðurstöðu að íslensk leiklist sé mun eldri en atvinnuleikhús.

Vilhjálmur Ari Arason í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands (20. október). Ritgerðin nefnist: Notkun sýklalyfja

Frá doktorsvörn Sveins Einarssonar. F.v.: Trausti Ólafsson andmælandi, Sveinn Einarsson, Sveinn Yngvi Egilsson andmælandi og Oddný Sverrisdóttir, deildarforseti hugvísindadeildar.

og beratíðni penicillin-ónæmra pneumokokka hjá börnum – Endurtekin þversniðsrannsókn á 10 ára tímabili.

Þórunn Ósk Þorgeirsdóttir í lyfjafræði við lyfjafræðideild Háskóla Íslands (3. febrúar). Ritgerðin nefnist: Development of Topical Dosage Forms for an Antimicrobial Monoglyceride. Fjallað er um mónóglýseríð til meðferðar á húð- og slímhúðarsýkingum.

Noregur

Elvar H. Hallfreðsson í fiskifræði við sjávarútvegsháskólann í Tromsö (14. desember). Ritgerðin nefnist: Afföll á loðnulirfum í Barentshafi af völdum afráns og áhrif þess á nýliðun. Talið er að afránið sé af völdum síldar, síla og þorskseiða, sem éta loðnulirfurnar.

Stefanía Guðlaug Baldursdóttir í lyfjafræði við Oslóarháskóla (1. júní). Ritgerðin nefnist: Characterisation of Riboflavin—photosensitized Changes in Alginate Polymer Matrices for Pharamceutical Applications. Fjallað er um þau áhrif, sem ljós hefur á samsetningu af riboflavini og alginati.

Skotland

Elínborg Ingunn Ólafsdóttir í hagnýtri stærðfræði við Edinborgarháskóla (28. ágúst). Ritgerðin nefnist: Atmospheric-Wave Generation: An Exponential-Asymptotic Analysis. Lýst er tilurð bylgna í gufuhvolfinu með aðferðum veldisvísis-aðfellugreiningar og auk þess sem útlit bylgnanna er skoðað tölulega með aðstoð tölvu.

Stefán Ingi Valdimarsson í stærðfræði við Edinborgarháskóla. Ritgerðin nefnist: Two Geometric Inequalities in Harmonic Analysis. Meginhluti ritgerðarinnar fjallar um ójöfnu Brascamps og Liebs.

Svíþjóð

Helgi Birgisson í læknisfræði við háskólann í Uppsölum: Ritgerðin nefnist: Cancer of the Colon and Rectum. Population Based Survival Analysis and Study on Adverse Effects of Radiation Therapy for Rectal Cancer. Fjallað er um lifun sjúklinga með ristil- og endaþarmskrabbamein í Svíþjóð 1960-1999 og árangur geislameðferðar.

Hrefna M. Karlsdóttir í hagsögu við Gautaborgarháskóla. Ritgerðin nefnist: The Consequenses of Unregulated Fisheries of Northsea Herring in the Postwar Period. Fjallað er um afleiðingar ofveiði á síld í Norðursjó.

Sigrún Margrét Gústafsdóttir í lífefnafræði við háskólann í Uppsölum (11. maí). Ritgerðin nefnist: Application of Proximity Ligation for Detection of Proteins, Biomolecular Interactions, and Single Copies of Pathogens. Um er að ræða aðferðarþróun í sameindalíffræði með læknisfræðilegu ívafi.

Sigurður Hafþórsson í gamlatestamentisfræðum við háskólann í Uppsölum (30. janúar). Ritgerðin nefnist A Passing Power: an Examination of the Sources for the History of Aram-Damascus in the Second Half of the Ninth Century. Fjallað er um Aram-Damascus ríkið, en heimildir um það eru einkum frá Mesópótamíu og Assýringum á 9. öld f. Kr. auk Gamla testamentisins.

Snævar Sigurðsson í lífefnafræði við háskólann í Uppsölum (11. maí). Ritgerðin nefnist: Hraðvirkar aðferðir nýttar til rann-

sókna á erfðabreytileikum í Interferon-genum og tengslum þeirra við sjálfsofnæmissjúkdóma.

Torfi Fjalar Jónasson í læknisfræði við háskólann í Lundi. Ritgerðin nefnist: Homocysteine and Coronary Artery Disease, with Special Reference to Biochemical Effects of Vitamin Therapy. Fjallað er um efnið hómócýstein, sem er amínósýra, og samband þess við kransæðasjúkdóma.

Þóra Kristín Bjarnadóttir í lyfjafræði við háskólann í Uppsölum (12. apríl). Ritgerðin nefnist: The Gene Repertoire of G Proteincoupled Receptors. New Genes, Phylogeny and Evolution. Fjallað er um kjarnsýruraðir tiltekinna arfbera í erfðamengi mannsins með aðstoð tölvugreiningar.

Stúdentspróf

Stúdentafjöldi frá stærstu skólunum á árinu var sem hér segir: Frá Menntaskólanum í Reykjavík 182 (160), Menntaskólanum á Akureyri 133 (133), Verzlunarskóla Íslands 212 (228), Menntaskólanum við Hamrahlíð 270, Menntaskólanum við Sund 115 (115), Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 176 (196), Kvennaskólanum í Reykjavík 107.

RAFORKUMÁL

Á vegum Landsvirkjunar var haldið áfram byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Gengu þær framkvæmdir að mestu eftir áætlun. Nokkrar tafir voru þó á gerð aðrennslisganga. Helstu tímamót við verkið voru þau, að 28. september hófst fylling Hálslóns og var stálhlerum rennt fyrir opið á hliðarrásinni. Vatnshæðin náði 15 m á fyrstu fjórum klukkustundunum. Síðasti borinn í aðrennslisgöngunum sló í gegn 5. desember. Mjög mikil vinna er þó eftir við frágang í göngunum, áður en vatni verður hleypt á þau..

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði hornstein að Fljótsdalsvirkjun 12. maí.

Áfram var unnið að undirbúningi virkjana í neðri hluta Þjórsár. Skal það gert í þremur þrepum. Þau eru 80 MW virkjun við Hvamm í Rangárþingi ytra, 50 MW virkjun sem kennd

Kárahnjúkastífla að vetrarlagi.

er við Holt í Rangárþingi ytra og loks 120 MW virkjun við Urriðafoss í landi Þjórsártúns í Ásahreppi. Á árinu var mest unnið við ýmsar jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir á þessu svæði. Þá var haldið áfram könnun á jarðskjálftasprungum. – Unnið var að rannsóknum á jarðhitasvæðum norðanlands vegna orkuöflunar fyrir hugsanlegt álver á Húsavík. Boraðar voru þrjár háhitarannsóknarholur í Bjarnarflagi, á Þeistareykjum og vestan við Kröflu. Bestur árangur varð við borunina í Bjarnarflagi. – Í janúar var ákveðið að leggja til hliðar undirbúning að Norðlingaölduveitu og því var ekkert unnið á árinu að henni. Þá var dregið verulega úr athugunum á svokallaðri Skaftárveitu.

Vatnsbúskapur Landsvirkjunar var í meðallagi á árinu. Þórisvatn fylltist, og varð vatnsborðið hæst 13. september, 579,34 m yfir sjó og hefur aldrei orðið hærra. Lægst varð það 3. maí, 574,59 m yfir sjó.

Raforkuframleiðsla Landsvirkjunar inn á flutningskerfi Landsnets á árinu óx um 4% og var 7.430 gígavattstundir (7.143 árið áður). Hlutur vatnsafls í framleiðslu var um 93% en jarðgufustöðva um 7%. Helstu kaupendur raforku á árinu voru sem

fyrr stóriðjufyrirtækin. Sala óx til Norðuráls en minnkaði til Alcan vegna bilunar í kerskála í Straumsvík.

Rekstrartekjur Landsvirkjunar voru 15.552 milljónir króna (13.623). Hagnaður á árinu var 6.294 milljónir króna, en árið áður var hagnaðurinn 7.195 milljónir. Skuldir Landsvirkjunar voru í árslok 122,3 milljarðar króna (103,3 milljarðar árið áður).

1. nóvember var tilkynnt, að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hefðu selt ríkinu hluti sína í Landsvirkjun fyrir um 30 milljarða. Reykjavíkurborg átti 45% hlut í fyrirtækinu og Akureyrarbær 5%. Ýmsum þótti söluverðið of lágt.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Erlendir ferðamenn

Árið 2006 fjölgaði ferðamönnum, sem komu um Leifsstöð, um 2,50% og urðu þeir tæplega 370.000 (356.152 árið áður). Fjölgun ferðamanna var mest frá Kanada eða um 28,4%, Spánverjum fjölgaði um 24,3% og Norðmönnum um 16,3%. Hins vegar var fækkun á komum Svisslendinga um 9,6% og Ítala um1,5%. Frá öllum öðrum löndum fjölgaði ferðamönnum og að fjölda til mest frá Bretlandi eða rúmlega 8.800 manns. Flestir ferðamenn komu frá eftirtöldum tíu löndum:

1. Bretland	67.392	(58.560)
2. Bandaríkin	55.792	(54.631)
3. Þýskaland	38.487	(37.387)
4. Danmörk	38.162	(34.952)
5. Noregur	28.539	(24.541)
6. Svíþjóð	27.359	(26.602)
7. Frakkland	21.068	(20.516)
8. Holland	11.511	(11.158)
9. Ítalía	8.840	(8.972)
10. Finnland	8.533	(8.373)

Farþegar með Norrænu árið 2006 voru um 9.500 og var það fjölgun um 20%. Farþegar, sem komu til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum, voru um 55.000 í 77 ferðum.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, og Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, stíga út úr fyrstu áætlunarflugvél FÍ til Eyja, eftir að félagið tók við flugi þangað í október.

Flug

Mikil aukning varð á sætaframboði í millilandaflugi á árinu 2006 bæði hjá Icelandair og Iceland Express. Þá bættust tvö ný flugfélög við, SAS Braathens og British Airways. Icelandair var með 140 ferðir á viku yfir háannatímann til 22 borga. Af þeim voru 16 í Evrópu og 6 í Bandaríkjunum. Sætaframboð Iceland Express var 40% meira en árið áður. Farþegar með Icelandair urðu alls um 1,7 milljónir (1,5 árið áður).

British Airways hóf áætlunarflug til Íslands í mars. Félagið var í byrjun með fimm flug í viku frá Gatwick til Keflavíkur. SAS Braathens byrjaði einnig flug til Íslands í mars og var með tvær ferðir í viku milli Keflavíkur og Oslóar.

Í innanlandsflugi hjá Flugfélagi Íslands var fjölgun farþega um 8,0% og þá einkum í ferðum til Egilsstaða. Farþegar félagsins voru um 380.000. Flugfélag Íslands heldur uppi áætlunarflugi til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða og í október var tekið upp aftur flug til Vestmannaeyja. Frá Akureyri er flogið til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Ferðamenn sitja að snæðingi í eynni Vigur á Ísafjarðardjúpi.

Landsflug sá áfram um áætlunarflug til Hornafjarðar, Vestmannaeyja, Sauðárkróks, Vesturbyggðar (Bíldudals) og Gjögurs. Ríkissjóður styrkti flug til allra þessara staða nema Vestmannaeyja. Um haustið treysti Landsflug sér ekki til að halda áfram Vestmannaeyjaflugi og tók Flugfélag Íslands við því 16. október með ríkisstyrk.

Siglingar

Bæði stóru skipafélögin, Eimskip og Samskip, eru rekin á alþjóðamarkaði og flutningar fyrir Íslendinga eru aðeins hluti af þeirra starfsemi. Bæði leggja þau áherslu á flutninga á frystum og kældum vörum.

Hinn 21. nóvember varð sú breyting að nafnið Hf. Eimskipafélag Íslands var tekið upp í stað Avion Group. Félagið hélt áfram að þenjast út og var ráðist í kaup á félögum í Hollandi, Færeyjum, Bretlandi, Litháen og Bandaríkjunum. Öll miðuðu þessi kaup að því að gera Eimskip að enn stærra kæli- og frystigeymslufyrirtæki og er það nú orðið eitt hið stærsta í heimi á þessu sviði ef ekki hið stærsta. Auk þessarar sérhæfingar er Eimskip alhliða flutningafyrirtæki með áherslu á hitastýrða

flutninga. Aðalstarfssvæði Eimskips er Norður-Atlantshaf. Þar undir fellur, að félagið flytur um það bil helming af öllum varningi sem kemur til og fer frá Íslandi. Starfsmenn Eimskips eru um 8.500 í 21 landi og 154 starfsstöðvum. Veltan er um 100 milljarðar. – Eimskip tók 1. janúar við rekstri Herjólfs. Ferðum var fjölgað í 720 á ári.

Velta Samskipa á árinu var um 60 milljarðar og rekur félagið starfsemi á 56 stöðum í 22 löndum. Það hefur um 50 skip í rekstri og tók við tveimur nýjum skipum, sem smíðuð voru fyrir félagið. Verið er að byggja upp mikla starfsstöð í Rotterdam.

Um miðjan apríl kom nýr Baldur til landsins og hófust þá strax siglingar hans um Breiðafjörð. Þessi nýi Baldur er stærri og gangmeiri en hinn fyrri og tekur ferð hans yfir fjörðinn u.þ.b. tvær klukkustundir. Skipið tekur 300 farþega og 45-50 bíla.

Samgöngur á landi

Innflutningur bifreiða fór heldur minnkandi á árinu. Fluttir voru inn til landsins alls 17.129 nýir fólksbílar (18.059 árið áður). Japanskir bílar voru sem fyrr vinsælastir en þýskir bílar gengu næstir þeim. Mest selda tegundin af nýjum fólksbílum var eins og áður Toyota frá Japan með 4.797 bíla (4.288) eða 28,01%. Síðan kom Volkswagen frá Þýskalandi með 1.210 bíla (1.454) eða 7,06%. Hyundai var í þriðja sæti, en af þeirri tegund voru fluttir inn 1.087 bílar eða 6,35% af innflutningi fólksbíla.

Í árslok 2006 voru 227.320 bifreiðir á skrá í landinu (214.885 árið áður). Af þeim voru 197.291 fólksbifreiðir (187.442), 1.929 hópferðabifreiðir (1.899) og 28.100 vöru- og sendibifreiðir (25.544). Nettóaukning fólksbifreiða á árinu var 5,25%, hópferðabifreiða 1,58% og vöru- og sendibifreiða 10,1%.

SLYS

Árið 2006 voru banaslys í landinu 49 (31 árið áður) og er það nokkru fleira en á síðustu árum. Af þeim létust 30 (19) í umferðarslysum, 2 (3) í sjóslysum/drukknunum, 6 (4) í vinnuslysum, 7 (2) í heima- og frítímaslysum og 4 í öðrum slysum.

Wilson Muuga á strandstað á Hvalsnesfjöru.

Slys á sjó

27. maí kom upp eldur í íbúðum skipverja á Akureyrinni EA-110. Hún var þá stödd um 75 sjómílur vestur af Látrabjargi. Tveir skipverjar létust af völdum reykeitrunar. – Vélbáturinn Sigurvin GK-119, þrjátíu tonna eikarbátur, sökk 15 sjómílur norðvestur af Rifi hinn 25. ágúst. Þrír menn voru um borð og komust þeir í gúmmíbát. Þeim var síðan bjargað af skemmtibátnum Svölunni. – 19. desember strandaði flutningaskipið Wilson Muuga á Hvalsnesfjöru. Áhöfninni, 12 manns, var bjargað með þyrlu. Danska varðskipið Triton kom fyrst að strandinu og lét það setja út björgunarbáta. Svo illa tókst til, að einn sjóliði fórst eftir að bátunum hvolfdi. Sjö sjóliðar af átta, sem voru í bátunum, björguðust.

Umferðarslys

13. janúar lést ökumaður strætisvagns eftir árekstur á Sæbraut. Vagninn rann í hálku utan í gámaflutningabíl. – 25. febrúar fór jeppi niður um sprungu á Hofsjökli. Tveir menn voru í jeppanum og lést annar, en hinn bjargaðist eftir 8 tíma veru í sprungunni. – 16. ágúst var mesti slysadagur ársins í umferðinni.

Þá létust tveir menn í geysihörðum árekstri á Garðskagavegi skammt frá Sandgerði. Sama dag rákust saman jeppi og pallbíll á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. 16 ára stúlka lést. – 20. ágúst varð slys á Vesturlandsvegi við Þingvallaafleggjarann. Bíl var ekið á hross og fór hann síðan yfir á rangan vegarhelming. Varð af því mjög harður árekstur. Farþegi í bílnum, sem ók á hrossið, lést strax og ökumaður nokkrum dögum síðar. Þeir voru báðir pólskir. – 2. desember létust fjögurra ára stúlka og karlmaður í hörðum árekstri á Suðurlandsvegi við Sandskeið. Auk þess slasaðist þrennt, þar af átta ára drengur alvarlega.

Vinnuslys

27. mars lést maður við sprengingu í göngum 4 í Desjarárdal. – 2. apríl varð banaslys í grjótnámu við Desjarárstíflu.

Frístundaslys

Maður á snjósleða lést í snjóflóði í Hoffellsdal í Fáskrúðsfirði 10. apríl.

Ýmis slys og óhöpp

Snjóflóð féll á fimm göngumenn í suðurhlíðum Hvannadalshnjúks 30. maí og slösuðust þrír. Þetta var svokallað flekaflóð. Mönnunum var bjargað af jöklinum með þyrlu Landhelgisgæslunnar, m.a. með hjálp fallhlífarstökkvara. – 27. júní urðu menn varir við eitrun af völdum klórgass í Sundlaug Eskifjarðar. Lýsti það sér hjá flestum í sárri ertingu í öndunarvegi, hósta og uppköstum. Þeir sem veikastir voru fengu lungnabjúg, sem fylgja andþrengsli. Allmargir voru fluttir á spítala í Neskaupstað og þeir sem taldir voru verr haldnir til Akureyrar og Reykjavíkur. Alls urðu 34 fyrir þessari eitrun. Ástæða fyrir þessu var sú, að ediksýru var fyrir mistök hellt í klórtank laugarinnar. – Bensínflutningabíll með tengivagni og 30.000 lítrum af bensíni fór út af vegi í Ljósavatnsskarði 25. júlí. 10.000 lítrar láku út og var kvoðu sprautað yfir. Ekki varð slys á fólki.

Halldór Ásgrímsson lýsir yfir afsögn sinni á Þingvöllum 5. júní.

STJÓRNMÁL

Skipan ríkisstjórna

Fram til 7. mars voru eftirtaldir ráðherrar í ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar: Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra frá Framsóknarflokknum, Geir H. Haarde utanríkisráðherra, Árni M. Mathiesen fjár-

málaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra frá Sjálfstæðisflokknum.

Hinn 5. mars tikynnti Árni Magnússon, að hann ætlaði að hætta í stjórnmálum og fara til starfa í Íslandsbanka á alþjóða- og fjárfestingarsviði. Sama dag var tilkynnt eftir þingflokksfund í Framsóknarflokknum, að Jón Kristjánsson yrði félagsmálaráðherra en Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í stað Jóns. Ráðherraskiptin fóru fram á ríkisráðsfundi 7. mars. Guðjón Ólafur Jónsson tók sæti Árna á þingi.

Á annan í hvítasunnu 5. júní um kl. níu síðdegis boðaði Halldór Ásgrímsson blaðamannafund á Þingvöllum. Þar tilkynnti hann, að hann hygðist hætta formennsku í Framsóknarflokknum og jafnframt láta af ráðherradómi. Skyldi nú Sjálfstæðisflokkurinn taka að nýju við forsætisráðherraembættinu. Eftir viðræður stjórnarflokkanna var ákveðið að breytingar yrðu á ríkisstjórninni 12. júní.

Á ríkisráðsfundi á Bessastöðum 12. júní tók Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, við embætti forsætisráðherra. Með þessum degi lauk ríkisstjórnarforystu Halldórs Ásgrímssonar, sem hófst 15. september 2004 og við tekur fyrsta ráðuneyti Geirs H. Haarde. Ráðherrasæti flokkanna urðu aftur jafnmörg, sex hjá hvorum flokki. Þau voru skipuð eftirtöldum ráðherrum: Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra frá Sjálfstæðisflokknum, Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra, Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra frá Framsóknarflokki.

Nýir aðstoðarmenn ráðherra: Kolbrún Ólafsdóttir var ráðin aðstoðarmaður Sivjar Friðleifsdóttur frá 1. maí og Sæunn

Fyrsta ríkisstjórn Geirs H. Haarde tók við 12. júní.

Stefánsdóttir hjá Jóni Kristjánssyni. Í júní var Guðmundur Páll Jónsson ráðinn aðstoðarmaður Magnúsar Stefánssonar, Einar Sveinbjörnsson hjá Jónínu Bjartmarz, Arnar Þór Sævarsson hjá Jóni Sigurðssyni og Sigfús Ingi Sigfússon hjá Valgerði Sverrisdóttur. Í september var Böðvar Jónsson ráðinn aðstoðarmaður Árna M. Mathiesen og í nóvember fór Kristrún Lind Bergsdóttir til starfa hjá Sturlu Böðvarssyni.

Stjórnmál af ýmsum toga

Á viðskiptaþingi í febrúar spáði Halldór Ásgrímsson því, að Ísland yrði aðili að ESB fyrir 2015. Sjálfstæðismenn vísuðu þessu á bug. – Í mars var uppi ágreiningur milli stjórnarflokkanna um frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur um Nýsköpunarsjóð Íslands. Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins í iðnaðarnefnd lögðust gegn þessu frumvarpi.

Nýtt fjölmiðlafrumvarp var lagt fram 24. apríl. Um það var breið pólitísk samstaða, en fyrirtækið 365 fjölmiðlar og fleiri lýstu yfir andstöðu við það. Frumvarpið var ekki afgreitt á þingi.

Ríkisstjórnin kynnir aðgerðir til lækkunar matarverðs.

27. júní tilkynnti ríkisstjórnin, að opinberum framkvæmdum, sem ekki hefðu verið boðnar út, yrði slegið á frest. Var þetta gert vegna þenslu í þjóðfélaginu. Þá yrði lækkuð hámarksupphæð lána fra Íbúðalánasjóði. Stjórnarandstaðan taldi þessar ráðstafanir koma allt of seint. Einnig var bent á, að vegaframkvæmdir, sem slegið var á frest, voru á svæðum, þar sem ekki var um neina þenslu að ræða.

Snemma í júlí var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara. Lífeyrisgreiðslur skyldu hækka um 15.000 kr. til þeirra, sem aðeins hafa tekjutryggingu. Skerðing vegna tekna maka á að lækka árið 2009. Heimaþjónusta verður aukin. Samkomulagið fékk misjafnar undirtektir hjá eldri borgurum og fannst flestum það ganga of skammt. Stjórnarandstaðan var sama sinnis.

Á flokksstjórnarfundi Vinstri grænna 1. september sagði Steingrímur J. Sigfússon að stjórnarandstaðan ætti að bjóða fram skýran valkost á móti ríkisstjórninni í kosningum 2007. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir greip þetta á lofti og bauð þeim Steingrími J. og Guðjóni A. Kristjánssyni í kaffi til viðræðna um þessi mál. Þar var ákveðið að þingflokkar stjórnarand-

stöðunnar skyldu vinna saman á næsta þingi og reyna stjórnarmyndun að loknum næstu kosningum ef sjálfstæðismenn og framsóknarmenn misstu meirihlutann. Þessi samstaða var af ýmsum kölluð „kaffibandalagið“.

Hinn 9. október tilkynnti ríkisstjórnin, að hún ætlaði að lækka matarverð hinn 1. mars 2007. Þetta yrði gert með lækkun virðisaukaskatts á mörgum tegundum matvæla úr 14% í 7%. Þá yrðu vörugjöld felld niður og tollar á innflutta kjötvöru lækkaðir um allt að 40%.

Skoðanakannanir um stjórnmál

Í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar í lok janúar var Sjálfstæðisflokkur með 44,7% fylgi, Samfylkingin 23,6%, Vinstri grænir 18,1%, Framsóknarflokkur 9,6% og Frjálslyndir 3,2%. – Í fyrstu skoðanakönnun eftir kosningu nýs formanns í Framsóknarflokknum, en hún var gerð í lok ágúst af Fréttablaðinu reyndist staða flokksins lítið hafa breyst. Hann var með 10,6% fylgi. Í sömu könnun hafði Sjálfstæðisflokkurinn 39,8%, Samfylkingin 28,0%, Vinstri grænir 18,8% og Frjálslyndir 2,1%. Í könnun Gallups í nóvember tóku Frjálslyndir mikið stökk upp á við og fóru í 11,0% en höfðu lengstum á árinu verið í kringum 5,0%. Þetta var rakið til þess, að þeir ræddu mikið málefni innflytjenda og innflutning erlends verkafólks, sem þeir töldu að þyrfti að takmarka. Í sömu könnun fékk Sjálfstæðisflokkurinn 37,0%, Samfylkingin 25,0%, Vinstri grænir 19,0% og Framsóknarflokkurinn 8,0%.

Ef litið er yfir árið í skoðanakönnunum kemur í ljós, að Vinstri grænir voru í mikilli sókn og höfðu um 20,0% fylgi, Sjálfstæðismenn stóðu líka vel að vígi með hátt í 40,0%, en Samfylkingin var að tapa fylgi og var með um 25,0% undir lok ársins. Framsóknarmenn stóðu illa og fengu oftast um og innan við 10,0%. Frjálslyndir voru lengstum með um 5,0% en tóku stökk upp á við á síðustu mánuðum ársins.

Alþingi

Alþingi kom saman að nýju eftir jólaleyfi hinn 16. janúar og var frestað 4. maí. Það kom síðan saman aftur eftir sveit-

arstjórnarkosningarnar, þ.e. 30. maí og stóð til 3. júní. Þá urðu harðar deilur og langar umræður um stjórnarfrumvörp um Ríkisútvarpið og um Nýsköpunarsjóð Íslands, þ.e. stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og byggðaþróun. Þeim var báðum frestað.

133. löggjafarþingið var sett 1. október og var þá Sólveig Pétursdóttir kosin forseti. Formenn þingflokka voru þessir: Arnbjörg Sveinsdóttir hjá Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson hjá Samfylkingunni, Hjálmar Árnason hjá Framsóknarflokki, Ögmundur Jónasson hjá Vinstri grænum og Magnús Þór Hafsteinsson hjá Frjálslynda flokknum.

Halldór Ásgrímsson afsalaði sér þingsæti sínu í byrjun september. Sæunn Stefánsdóttir settist í hans stað á þing. – Valdimar Leó Friðriksson þingmaður Samfylkingarinnar í suðvesturkjördæmi sagði sig úr flokknum í nóvember. Hann sat áfram á þingi sem óháður.

Flokksstarf

Flokksþing Framsóknarflokksins var haldið dagana 18.-19. ágúst. Þar var kosin ný forysta flokksins. Jón Sigurðsson fékk 417 atkvæði eða 53,8% í formannsætið en Siv Friðleifsdóttir fékk 336 atkvæði eða 44,2%. Guðni Ágústsson fekk 437 atkvæði eða 60,91% í stöðu varaformanns, en Jónína Bjartmarz fékk 262 atkvæði eða 36,54%. Sæunn Stefánsdóttir hlaut yfirburðakosningu í ritarasætið, 436 atkvæði eða 75,43%. Haukur Logi Karlsson fékk 82 atkvæði eða 14,9%. Sjálfstæðismenn voru ánægðir með nýja formanninn. Geir H. Haarde sagði: „þéttir og bætir stjórnarsamstarfið“.

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins var haldinn 25. nóvember. Þar sagði Jón Sigurðsson, að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um Írak hefðu verið „rangar eða mistök“. Þá hefði ákvarðanaferlinu verið „ábótavant“.

Hinn 30. nóvember var Margréti Sverrisdóttur sagt upp sem framkvæmdastjóra þingflokks Frjálslynda flokksins. Gefin var sú skýring, að hún gæti ekki verið bæði framkvæmdastjóri þingflokks og í framboði til þings. Hún sagðist hins vegar hafa verið rekin fyrir að mótmæla rasiskum hugmyndum Jóns

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, talar á Alþingi.

Magnússonar. Hann hafði verið foringi Nýs afls, en var ásamt mörgum flokksmönnum í Nýju afli að ganga í Frjálslynda flokkinn.

Í ræðu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í Keflavík 2. desember sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: „Vandi Samfylkingarinnar liggur í því að kjósendur þora ekki að treysta þingflokknum – ekki enn þá“. Formaður sýndi með þessum orðum, að hún teldi þörf fyrir sjálfsrýni í flokknum. Andstæðingarnir blésu þessi ummæli mjög út og þingmaður einn taldi það einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu, að flokksformaður gagnrýndi eða nánast lýsti vantrausti á eigin þingflokk.

Opinberar heimsóknir innlendra ráðherra

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra var í opinberri heimsókn í Bretlandi 22. febrúar. Hann hitti Tony Blair í Downingstræti 10. – Í byrjun apríl fór Halldór í opinbera heimsókn til Færeyja. – Geir H. Haarde forsætisráðherra fór í opinbera heimsókn til Eistlands í ágúst. Við það tækifæri var afhjúpaður skjöldur til minningar um stuðning Íslands við sjálfstæði Eistlands.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Bretlands í janúar í boði Jack Straw utanríkisráðherra. – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fór í opinbera heimsókn til Indlands um mánaðamótin febrúar- mars sem staðgengill Geirs H. Haarde. – Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Úkraínu í byrjun nóvember. Ferðin var í boði Boris Tarasjúk utanríkisráðherra Úkraínu.

Aðdragandi sveitarstjórnarkosninganna

Prófkjör í stærri sveitarfélögum höfðu sums staðar farið fram árið áður. Svo var um prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, þar sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sigraði Gísla Martein Baldursson í baráttunni um efsta sætið. Í janúar voru síðan prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum í Hafnarfirði þar sem Haraldur Þór Ólason sigraði í baráttunni um efsta sætið, í Kópavogi þar sem Gunnar Birgisson var sem áður ótvíræður sigurvegari. Í Garðabæ var Gunnar Einarsson bæjarstjóri efstur og á Seltjarnarnesi sigraði Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri Bjarna Álfþórsson með yfirburðum. Samfylkingin hélt nokkur prófkjör í febrúar, og það sem mesta athygli vakti var prófkjörið í Reykjavík. Þar buðu þrír sig fram í efsta sætið og fóru leikar svo að Dagur B. Eggertsson sigraði og hlaut 4.455 atkvæði í fyrsta sætið, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri varð í 2. sæti með 2.390 atkvæði og Stefán Jón Hafstein í því þriðja með 2.285 atkvæði. Í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi sigraði Guðríður Arnardóttir. Framsóknarmenn í Reykjavík héldu einnig prófkjör í febrúar og í því sigraði Björn Ingi Hrafnsson.

Sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí

Kosningarnar voru eins og áður með tvennu móti, bundnar hlutfallskosningar með listum í öllum stærri sveitarfélögum og óbundnar kosningar í hinum smærri, þar sem allir kosningabærir menn eru í kjöri. Að þessu sinni var fyrrnefnda aðferðin viðhöfð í 60 sveitarfélögum og af þeim var sjálfkjörið í tveimur þar sem aðeins einn listi kom fram, þ.e. í Breiðdalshreppi og Tjörneshreppi, en óbundnar kosningar voru í 19 sveitarfélögum.

Kosningaauglýsing frá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík.

Kosningaauglýsing frá Samfylkingunni í Reykjavík.

Alls voru því valdir fulltrúar í 79 sveitarfélögum en í síðustu sveitarstjórnarkosningum voru sveitarfélögin 105. Alls voru kosnir 529 sveitarstjórnarmenn, en fyrir fjórum árum voru þeir 657.

Á kjörskrá við sveitarstjórnarkosningarnar 2006 voru 215.957 manns og af þeim greiddu atkvæði 169.418 eða 78,4%. Er það nokkru minni þátttaka en síðast þegar um 83,0% greiddu atkvæði. Mest kosningaþátttaka var í Grindavíkurbæ eða 94,4% en minnst í Reykhólahreppi 61,1%. Í Reykjavík var kosningaþátttakan aðeins 77,1%.

Sjálfstæðisflokkur var með flesta lista í kjöri, þ.e. á 38 stöðum, Framsóknarflokkur var með lista á 23 stöðum, Samfylkingin á 17 stöðum, Vinstri grænir á 13 stöðum og Frjálslyndi flokkurinn á 6 stöðum. Allvíða buðu flokkarnir fram með óháðum. Fjöldi lista var frá einum upp í sex, flestir á Akureyri.

Alls voru 2.675 einstaklingar í framboði við þessar sveitarstjórnarkosningar eða um 1,2% atkvæðisbærra manna og voru 56,0% þeirra karlar en konur 44,0%. Var þetta hlutfall heldur hagstæðara konum en síðast. Ef litið er á efsta sætið á listunum skipuðu karlar það í 78,0% tilvika. Elsti frambjóðandinn var Vilhjálmur Hjálmarsson, sem skipaði heiðurssætið á lista Framsóknarflokksins í Fjarðabyggð. Hann var 91 árs. Sá yngsti var aðeins 18 ára og heitir Valgeir Pálsson Kruger. Hann skipaði 13. sæti á lista Samfylkingarinnar í Eyjafjarðarsveit.

Í sveitarstjórnarkosningum er erfitt að nefna ákveðnar tölur um heildarfylgi flokka. Þeir bjóða víða fram saman og með óháðum. Ljóst er, að sjálfstæðismenn máttu mjög vel una við úrslit kosninganna, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin grænt framboð sæmilega en framsóknarmenn illa. Frjálslyndir styrktust heldur. Hlutfallstölur flokkanna þar sem hrein framboð voru, urðu þessar: Sjálfstæðisflokkur 46,7%, Samfylkingin 25,5%, Framsóknarflokkur 11,3%, Vinstri hreyfingin grænt framboð 11,2% og Frjálslyndi flokkurinn 5,3%.

Sjálfstæðisflokkurinn hélt hreinum meirihluta sínum á Seltjarnarnesi (67,2%), í Garðabæ (59,9%), Snæfellsbæ (56,4%), Grundarfirði (50,3%), Stykkishólmi (51,8%) og Reykjanesbæ (57,9%). Flokkurinn náði hreinum meirihluta á Seyðisfirði

(50,0%), í Mýrdalshreppi (55,4%), Rangárþingi ytra (50,3%), Hveragerði (49,6%) og Vestmannaeyjum (54,0%). Hann tapaði hins vegar meirihluta í Mosfellsbæ (47,5%), á Álftanesi (49,9%) og í Vesturbyggð (42,2%). Samfylkingin hélt meirihluta sínum í Hafnarfirði með auknu fylgi (54,7%).

Við meirihlutamyndanir má einnig segja að sjálfstæðismenn hafi orðið í sterkri stöðu. Þeir mynduðu meirihluta með Framsóknarflokknum í Reykjavík, Kópavogi, á Akranesi og Ísafirði, í Húnaþingi vestra, Fjallabyggð og Árborg. Með Samfylkingunni myndaði Sjálfstæðisflokkur meirihluta á Akureyri og í Grindavík og með vinstri grænum í Mosfellsbæ.

Meirihluti sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í Árborg sprakk reyndar 1. desember og við tók meirihluti framsóknarmanna, samfylkingarmanna og vinstri grænna. Oddviti Samfylkingarinnar, Ragnheiður Hergeirsdóttir, varð bæjarstjóri.

Kosningarnar í Reykjavík

Í Reykjavík var uppi alveg ný staða, þar sem Reykjavíkurlistinn var horfinn og í staðinn komin flokksframboð þeirra þriggja flokka, sem síðast stóðu að honum. Nú var um að ræða keppni milli þeirra um fylgi R-listafólks auk keppni við Sjálfstæðisflokkinn og Frjálslynda flokkinn. Sjálfstæðismenn gerðu sér vonir um að vinna aftur meirihluta í borginni og lögðu mikla áherslu á mjúku málin, þ.e. mál eldri borgara og barna. Með þessu drógu þeir nokkurn kraft úr vinstri flokkunum. Framsóknarmenn töluðu um athafnastjórnmál og sem tákn þeirra vildu þeir fá flugvöll á Lönguskerjum. Frjálslyndir vildu hins vegar hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

Úrslit kosninganna í Reykjavík urðu þau, að Sjálfstæðisflokkurinn náði ekki meirihluta. Hann fékk 27.823 atkvæði eða 42,87% og 7 borgarfulltrúa, Samfylkingin fékk 17.750 atkvæði eða 27,35% og 4 borgarfulltrúa, Vinstri hreyfingin grænt framboð fékk 8.739 atkvæði eða 13,47% og 2 borgarfulltrúa, Frjálslyndi flokkurinn fékk 6.527 atkvæði eða 10,06% og 1 borgarfulltrúa og Framsóknarflokkurinn fékk 4.056 atkvæði eða 6,25% og 1 borgarfulltrúa.

Efstu menn framboðslistanna í Reykjavík. F.v.: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Björn Ingi Hrafnsson, Svandís Svavarsdóttir, Ólafur F. Magnússon og Dagur B. Eggertsson.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins urðu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Jórunn Ósk Frímannsdóttir. Fyrir Samfylkinguna urðu þau Dagur B. Eggertsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Stefán Jón Hafstein og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltúar. Svandís Svavarsdóttir og Árni Þór Sigurðsson urðu borgarfulltrúar vinstri grænna, Ólafur F. Magnússon fyrir frjálslynda og Björn Ingi Hrafnsson fyrir Framsóknarflokkinn.

Alls voru 85.618 á kjörskrá í Reykjavík, en atkvæði greiddu 66.040. Kjörsókn var því aðeins 77,1%, sem er minnsta kjörsókn síðan um 1940.

Umræður um myndun meirihluta í Reykjavík hófust strax að loknum kosningum og leit í fyrstu út fyrir að sjálfstæðismenn og frjálslyndir næðu saman. Af því varð ekki og síðdegis á mánudegi 29. maí héldu þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson blaðamannafund þar sem því var lýst

Björn Ingi Hrafnsson og Ólafur F. Magnússon biðluðu báðir til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar.

yfir að flokkar þeirra hefðu náð samkomulagi um meirihluta í borginni. Vilhjálmur varð borgarstjóri en Björn Ingi formaður borgarráðs.

Aðdragandi alþingiskosninga 2007

Sjálfstæðisflokkur og Samfylking voru með fjölmenn prófkjör í október og nóvember. Sjálfstæðismenn riðu á vaðið með prófkjöri í Reykjavík 27. og 28. október. Geir H. Haarde stefndi einn á fyrsta sæti og fékk það með um 89% atkvæða. Hart var barist um annað sætið, þar sem þeir tókust á Björn Bjarnason ráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður. Guðlaugur sigraði með nokkrum mun og fékk 5.071 atkvæði í annað sætið en Björn fékk 3.850. Guðfinna S. Bjarnadóttir og Illugi Gunnarsson voru nýliðar, sem náðu góðum árangri.

4. nóvember var Samfylkingin með prófkjör í Suðvestur- og Suðurkjördæmi. Nýliðinn Gunnar Svavarsson varð efstur í Suðvesturkjördæmi en Björgvin G. Sigurðsson alþingismaður í Suðurkjördæmi. – 11. nóvember var Samfylkingin síðan með

prófkjör í Reykjavík. Þar sigraði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flokksformaður. Alþingismenn komu síðan í sex næstu sætum, en í áttunda sæti varð Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri.

11. nóvember voru einnig tvö prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum, í Suðvestur- og Suðurkjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi varð Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra efst en Bjarni Benediktsson alþingismaður í öðru sæti. Síðan komu fjórir nýliðar. Í Suðurkjördæmi varð Árni M. Mathiesen efstur, en mesta athygli vakti endurkoma Árna Johnsen, sem hlaut mjög góða kosningu í annað sætið.

25. nóvember var prófkjör sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi og þar sigraði Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri, en Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður varð í öðru sæti. – Samfylkingin var með póstkosningu í þessu kjördæmi og urðu efstir þingmennirnir Kristján Möller og Einar Sigurðsson.

TÍMAMÓT

Nokkur afmæli félaga, stofnana og fyrirtækja

6. janúar: Þennan dag voru liðin 100 ár frá stofnun ungmennafélags Akureyrar, en það er elsta ungmennafélag landsins.

26. janúar: Verkamannafélagið Dagsbrún 100 ára.

6. febrúar: Liðin voru 100 ár frá stofnun Verkamannafélags Akureyrar. Afhjúpað var við Strandgötu minnismerkið Samstaða Íslands eftir Jóhann Ingimarsson. Ólafur Ragnar Grímsson afhjúpaði.

12. mars var þess minnst, að 90 ár voru liðin frá stofnun Alþýðusambands Íslands og Alþýðuflokksins.

10. maí: Haldið var upp á 80 ára afmæli Ísaksskóla.

13. maí: Haldið var upp á 80 ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands. Afmælishátíðin var nefnd Augnablik.

1. júlí: Þennan dag hófust mikil hátíðahöld í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans. Bankinn setti upp dagskrár á 14 stöðum á landinu, opnaði sögusýningu í Reykjavík og gaf út rit um sögu sína eftir Eggert Þór Bernharðsson.

Forseti Íslands í heimsókn í Ísaksskóla á 80 ára afmæli skólans.

1. júlí: Landhelgisgæslan varð 80 ára. Þennan dag árið 1926 tók ríkið við rekstri björgunar- og gæsluskipsins Þórs af Björgunarfélagi Vestmannaeyja.

4. júlí var haldið upp á 50 ára afmæli Melabúðarinnar í Reykjavík. Boðið var upp á grillaðar pylsur o.fl. fyrir utan búðina, sem allir Vesturbæingar þekkja.

23. júlí: Á Skálholtshátíð þennan dag var þess minnst, að 950 ár voru liðin frá biskupsvígslu Ísleifs Gissurarsonar. Hátíðarræðuna flutti Sigurbjörn Einarsson biskup.

1. september: Þess var minnst á Sólbakka við Önundarfjörð, að liðin voru 100 ár frá því að hús Ellefsens frá Sólbakka var endurreist sem ráðherrabústaður í Reykjavík.

1. september: Liðin 100 ár frá því að kveikt var á vita á Stórhöfða í Vestmannaeyjum.

5. september: Þennan dag voru liðin 80 ár frá stofnun St. Jósefsspítala.

23. september: Liðin voru 100 ár frá stofnun fyrirtækisins Ó. Johnson & Kaaber. Það flutti inn matvöru og hreinlætisvörur, en var þó þekktast fyrir kaffibrennslu.

2. desember: Haldið var upp á það, að liðin voru 190 ár frá stofnun Hins íslenska Bókmenntafélags.

16. desember: Því var fagnað, að Framsóknarflokkurinn varð 90 ára. Opið hús var í flokksskrifstofum um land allt. Auglýsingar voru birtar í blöðum og viðtöl voru í fjölmiðlum við forystumenn flokksins.

ÚTVEGUR

Aflinn

Árið 2006 varð töluvert lakara aflaár en árið á undan. Botnfiskafli var að vísu svipaður, þorskafli minnkaði þó en ufsaafli og úthafskarfaafli uxu. Mikil minnkun varð í loðnuafla og rækjuafla, en síldarafli óx um 28% og kolmunnaafli um 18%.

Heildaraflinn var 1.322.914 tonn (1.668.927 árið áður), en miðað er við vigtarskýrslur til Hagstofunnar. Þetta er minnkun upp á 21%. Afli á Íslandsmiðum var 873.758 tonn (1.376.037), í norskri lögsögu 4.645 tonn (5.206), í rússneskri lögsögu 2.143 tonn (2.098), á Flæmingjagrunni 2.185 tonn (4.154) og á öðrum miðum 440.183 tonn (281.431).

Þorskafli á árinu var 199.375 tonn (212.456 árið áður), ýsuafli 96.591 tonn (96.580), ufsaafli 75.460 tonn (67.737), karfaafli 57.949 tonn (61.535), úthafskarfaafli 24.646 tonn (16.005), karfaafli samtals 82.595 tonn (77.540), lönguafli 6.277 tonn (4.307), keiluafli 5.053 tonn (3.534), steinbítsafli 16.408 tonn (15.192), lúðuafli 447 tonn (516), grálúðuafli 11.796 tonn (13.021), skarkolaafli 6.370 tonn (5.794), síldarafli á Íslandsmiðum 131.629 tonn (102.967), síldarafli af norsk-íslenskri síld 159.751 tonn (161.693), loðnuafli 177.828 tonn (594.632), kolmunnaafli 314.755 tonn (265.890), humarafli 1.876 tonn (2.030), rækjuafli 3.044 tonn (8.657), hörpudisksafli enginn, kúfisksafli 328 tonn (2.357) og skötuselsafli 2.587 tonn (2.843).

Nýting aflans var með eftirfarandi hætti: Til vinnslu innanlands 884.146 tonn, í gáma til útflutnings 48.082 tonn, landað erlendis til bræðslu 11.962 tonn, á markað til vinnslu innanlands

Frá höfninni í Rifi á Snæfellsnesi.

92.621 tonn, á markað í gáma til útflutnings 10.513 tonn, selt úr skipi erlendis 2.049 tonn, fiskeldi 460 tonn, annað 1.693 tonn.

Sala á fiskmörkuðum var meiri en nokkru sinni fyrr, nam 106.536 tonnum (103.684 árið áður) og er þetta 2,75% aukning. Að verðmæti nam salan 14,8 milljörðum króna (11,7 árið áður). Meðalverð hækkaði mikið á árinu eða um 23,6% og fór úr 112,58 krónum í 139,13 krónur. Skýringar á þessum hækkunum eru hækkanir á afurðaverði erlendis og lækkun krónunnar.

Kvótinn

Við upphaf nýs fiskveiðiárs, 1. september, voru þessi þrjú fyrirtæki með mestan kvóta: HB Grandi hf. með 35.698 þorskígildistonn eða 9,64% af heildarkvótanum, Brim hf. 26.565 þorskígildistonn eða 7,17% af heildarkvótanum, Samherji hf. og dótturfyrirtæki hans 25.012 þorskígildistonn eða 6,75% af heildarkvótanum og Þorbjörn hf. (áður Þorbjörn-Fiskanes) 19.009 þorskígildistonn, sem er 5,18% af heildarkvótanum. Kvótahæstu skipin voru Arnar HU l með 6.692 þorskígildistonn eða 1,81% af heildaraflanum, Vilhelm Þorsteinsson með 6.372 þorskígildistonn eða 1,72% af heildaraflanum og Kaldbakur með 6.272 þorskígildistonn eða 1,69% af heildaraflanum.

Hvalur 9 með langreyði á síðunni.

Eignatilfærslur í útgerð og fisksölu

Í lok ágúst keypti Skinney-Þinganes á Hornafirði útgerðarfélagið Langanes á Húsavík. Í kaupunum voru tvö skip og 1.400 þorskígildistonn, mest í uppsjávarfiski. – Ísfélag Vestmannaeyja keypti í desember 90% eignarhlut í Hraðfrystistöð Þórshafnar. – 1.200 þorskígildistonna kvóti í Grímsey skipti um eigendur í júlí og fór úr eynni. Verðmæti hans var talið um 1.500 milljónir.

Ýmislegt

Hvalveiðar í atvinnuskyni hófust 19. október og 22. október var fyrsti hvalurinn dreginn á land. Leyft var að veiða níu langreyðar og veiddust sjö. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins í nóvember töldu 69,4% aðspurðra rétt að stunda hvalveiðar en 30,6% voru á móti.

Í júní var sett nýtt aflamet smábáta. Það var Karólína ÞH, sem fékk þennan afla, 185 tonn af þorski. Báturinn er beitingarvélarbátur. Gamla metið átti Guðbjörg ÍS. Það var 181,5 tonn og var sett 2005. – 24. nóvember fékk Guðmundur Ólafur ÓF 91 gríðarstórt síldarkast í Fjallasjó austur af Vestmannaeyjum. Var þetta talið mesta síldarkast allra tíma.

Fiskiskipaflotinn

Á árinu 2006 fækkaði í öllum flokkum fiskiskipaflotans. Vélskip voru í árslok 852 (862 árið áður) og þau voru 96.866 brúttótonn (96.679), togarar voru 63 (65) 78.248 brúttótonn (86.936) og opnir bátar 777 (825) 3.721 brúttótonn (3.915). Samtals voru því í flotanum 1.692 skip og bátar og hafði fækkað um 60. Brúttótonnatalan var 179.408 og hafði lækkað úr 181.530 tonnum í árslok 2005.

Útflutningur sjávarafurða

Litlar breytingar urðu frá fyrra ári á verðmæti útfluttra sjávarafurða. Landfryst flök eru áfram í fyrsta sæti og ný kæld og ísvarin fiskflök koma í öðru sæti eins og árið áður, rétt á undan blautverkuðum saltfiski, sem er í þriðja sæti eins og 2005. Útflutningur helstu sjávarafurða (meira en 2.000 milljónir) var sem hér segir á árinu 2006 í milljónum króna (í svigum eru tölur frá 2005):

Landfryst flök	18.932	(15.979)
Ný, kæld og ísvarin fiskflök	15.627	(12.117)
Blautverkaður saltfiskur	12.033	(11.583)
Sjófryst flök	11.637	(9.887)
Sjófrystur heill fiskur	10.897	(8.749)
Loðnu-, síldar- og kolmunnamjöl	10.001	(8.580)

Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur	8.518	(7.653)
Saltfiskflök	6.627	(5.195)
Fryst síld	3.156	
Heilfrystur fiskur	2.965	(3.306)
Hertur fiskur, mest þorskhausar	2.907	(2.586)
Loðnu- og síldarlýsi	2.866	(2.655)
Landfryst flök í blokk	2.385	(2.244)
Fryst hrogn	2.278	(2.094)

VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Brýr. Helstu framkvæmdir í brúargerð voru þessar (10 m brýr og lengri): Haldið var áfram framkvæmdum við 40 m langa brú á *Ólafsfjarðarós* í nýrri veglínu að Héðinsfjarðargöngum. – Gerð var 20 m brú á *Selá* á Djúpvegi. – Byggð var 84 m brú á *Laxá* hjá Laxamýri í Þingeyjarsýslu. – Gerð var 55 m lömg brú í þremur höfum á *Úlfarsá* á Korpúlfsstaðavegi.

Hafnir. Í *Reykjavík* var unnið að mjög miklum landfyllingum við Skarfabakka. Lokið var við gerð 370 m viðlegukants, og var stórskipahöfn við Skarfabakka formlega tekin í notkun 22. júní. – Á *Sauðárkróki* var unnið við gerð tveggja grjótgarða sem nefndir eru Ytri-Sundfangari og Þvergarður. Þá var ný timburbryggja reist í smábátadokkinni. – Á *Reyðarfirði* var lokið við gerð stórskipahafnar.

Vegagerð. Víða um land var að venju unnið að vegabótum og verður aðeins getið nokkurra framkvæmda.

Suðursvæði og suðvestursvæði

Mjög mikið var unnið við Reykjanesbraut. Innan Reykjavíkur var unnið að færslu brautarinnar (Sæbrautar) milli Laugarnesvegar og Dalbrautar, og var það framkvæmd upp á tæplega 200 milljónir króna. Þá voru miklar framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakrika með undirgöngum við Bæjargil og Vífilsstaðalæk auk mislægra gatnamóta við Urriðaholt í Garðabæ, en þau voru tekin í notkun 12. október. Kostnaður við þessa framkvæmd var um 1.500 milljónir króna. Haldið var áfram við 2. áfanga við

breikkun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur úr tveimur akreinum í fjórar. Þessi áfangi er frá Strandarheiði til Njarðvíkur. Samhliða var unnið að gerð mislægra vegamóta við Vogaveg, Skógfellsveg, Grindavíkurveg og Njarðvík. Áfanginn á að kosta rúmlega 2.000 milljónir króna. – Áfram var unnið við kafla frá Hrauni að Ísólfsskála á Suðurstrandarvegi.

Norðvesturssvæði

Í Borgarfirði var unnið að endurlagningu 6,2 km vegarkafla frá Gljúfurá að Ólafarflóa norðan Grafarkots. – Á Vestfjarðavegi var unnið að 13,5 km vegarkafla um Svínadal frá Laugum að Bersatungu. Þessi framkvæmd kostaði um 400 milljónir króna. – Í Djúpvegi var mest unnið að vegi um Svansvík, en í undirbúningi voru miklar framkvæmdir á Reykjanesi við Djúp. – Byrjað var á umfangsmikilli vegagerð í Norðurárdal í Skagafirði. Um er að ræða 15 km langan veg, sem lagður verður neðar í dalnum. Fjórar einbreiðar brýr hverfa.

Norðaustursvæði

Mesta framkvæmd ársins á svæðinu var við Héðinsfjarðargöng, og var unnið fyrir um 1.100 milljónir króna. Lagðir voru vegir og rafmagn að gangamunnum og síðan hófust sprengingar 30. september. Í árslok var búið að sprengja 588 m í Skútudal Siglufjarðarmegin og 296 m í Ólafsfirði. Þetta er um 8,4% af heildarlengd ganganna.

Bundið slitlag var lagt á 63 km á árinu (148 km árið áður). Í árslok voru 4.674 km af bundnu slitlagi komnir á vegi landsins, og eru meðtaldir vegir í kaupstöðum og kauptúnum. Við þær framkvæmdir, sem áður voru nefndar, var yfirleitt sett á bundið slitlag. – Hringvegurinn (miðað er við að farið sé norðan Mývatns) taldist vera í árslok 1.335 km og af þeim voru um 1.270 km með bundnu slitlagi eða um 95%. Lengstu kaflar, sem enn eru með malarslitlagi, eru í Skriðdal, Breiðdal og Jökuldal. Þá eru stuttir kaflar í Berufirði og Hamarsfirði.

Umferð um Hvalfjarðargöngin óx um 9,3% frá fyrra ári og fóru alls 1.856.568 ökutæki um göngin á árinu.



Nýja stúkan við Laugardalsvöll.

Ýmsar framkvæmdir

Reykjavík. Framkvæmdir við byggingu íbúðarhúsnæðis voru miklar á árinu 2006, og var hafin smíði á annað þúsund íbúða. Mest var unnið að íbúðarhúsabyggingum í Grafarholti og á Norðlingaholti. Auglýstar voru fyrstu lóðir undir hús í Úlfarsárdal. Þar verður mjög stór byggð. Verslunar- og skrifstofubyggingar voru áfram reistar í Túnunum.

Vesturbær og Miðbær. Lokið var við endurbætur á Aðalstræti 10, einu elsta húsi Reykjavíkur. – Nýjar stúdentaíbúðir við Lindargötu voru teknar í notkun í lok ágúst. Þær nefnast Skuggagarðar og hafa að geyma 96 einstaklingsíbúðir. – Byrjað var á byggingu svonefnds Háskólatorgs við Háskóla Íslands. – Í febrúar var unnið að niðurrifi á byggingum Lýsis hf. við Eiðsgranda og Hraðfrystistöðvarinnnar við Mýrargötu. – Í apríl hófst niðurrif vegna nýja tónlistarhússins við höfnina og voru rifin hús við Austurbugt. Seinna á árinu var Faxaskáli brotinn niður. Byrjað var á vinnu við grunn tónlistarhússins. – Zimsenshúsið við Hafnarstræti var flutt af grunni 5. maí.

Austurbær. Haldið var áfram endurbótum á Laugardalsvelli og viðbyggingum við aðalstúku vallarins. Hún var að hluta

Nýbygging við Grand Hótel reis hratt á árinu.

til tekin í notkun á landsleik við Spánverja í ágúst. – Mikið var unnið við stækkun Grand Hótels með byggingu mikils turns og var þeim framkvæmdum nær lokið í árslok. – Byrjað var á stórri skrifstofubyggingu við Glæsibæ. – Unnið var við stækkun Vogaskóla. – Mikið var unnið við ný íþróttamannvirki Vals á Hlíðarenda. – Viðbygging við Menntaskólann við Hamrahlíð var langt komin um áramót. Þar verða íþróttasalir og raungreinastofur. – Unnið var að nýbyggingu KB banka við Borgartún. – Hús Hampiðjunnar við Þverholt var rifið í desember.

Grafarvogur – Grafarholt. Lokið var framkvæmdum við nýjan Korpuskóla í Staðahverfi. – 9. mars var tekin fyrsta skóflustunga að samkomuhúsi (bíó o.fl.) við Egilshöll. – Morgunblaðið flutti alla starfsemi sína að Hádegismóum við Rauðavatn í júlí. – Byrjað var á byggingu 40.000 fm verslunarhúss við Vesturlandsveg. Þar verða BYKO og Rúmfatalagerinn með starfsemi.

Egilshöll var stækkuð á árinu.

Hellisheiði. Hornsteinn var lagður að Hellisheiðarvirkjun 29. apríl.

Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Í *Mosfellsbæ* var áfram mikil uppbygging í Teigahverfi og Krikahverfi ofan Vesturlandsvegar. Áfram var unnið að byggingu öryggisíbúða fyrir aldraða við Hlaðhamra.

Á *Seltjarnarnesi* var unnið við gerð nýs knattspyrnuvallar neðan við Valhúsaskóla og byrjað á undirbúningi að íbúðarhúsabyggð á Hrólfsskálamel. Rifin voru fiskvinnsluhús Ísbjarnarins, sem þar stóðu.

Í *Kópavogi* voru miklar íbúðabyggingar á árinu 2006 og var lokið við smíð 375 íbúða (422 árið áður). Af þeim voru 309 í fjölbýli. Hafin var smíð á 569 íbúðum (781) og í árslok voru 1.012 íbúðir í smíðum (818). Mest var byggt í Kórahverfi og Þingahverfi uppi við Elliðavatn. Í febrúar hófust framkvæmdir við byggingu 384 íbúða í Lundahverfi.

Haldið var áfram framkvæmdum við byggingu leikskóla við Baugakór og Hörðuvallaskóla og lauk framkvæmdum við leikskólann. – Unnið var við stækkun sundlaugar Kópavogs við

Stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar í byggingu.

Borgarholtsbraut. – Tekin var fyrsta skóflustunga að tennishúsi í Vallarhverfi. Það stendur við Vallarkór. – 17. nóvember var tekin fyrsta skóflustunga að húsi Íþróttaakademíu Íslands. – Í byggingu voru nýir áfangar að Vatnsendaskóla við Funahvarf. – Nýr kirkjugarður í Leirdal var vígður 10. ágúst.

Byggingaframkvæmdir í *Garðabæ* voru áfram miklar og var byggt á Sjálandi, í Ásahverfi og Akrahverfi. Alls var byrjað á 240 íbúðum í Garðabæ á árinu og voru þær allar í Akrahverfi. Í Ásahverfi var unnið að yfirborðsfrágangi. Byrjað var að undirbúa lóðir í Hraunsholti eystra og Garðahrauni við Álftanesveg. – Stórhýsi IKEA við Kauptún var tekið í notkun 12. október. Verslunin er um 20.000 fm. .

Í *Hafnarfirði* var áfram mest byggt í Vallahverfinu. Þar var unnið við 2. áfanga af þremur í Hraunvallaskóla og í maí var tekin fyrsta skóflustunga að sundmiðstöð við Árvelli. Þá var hafinn undirbúningur að nýjum leikskóla á Völlum. Byrjað var á nýbyggingarframkvæmdum við Norðurbakkann á gamla hafnarsvæðinu.

Reykjanesbær. Mikil uppbygging var áfram í Tjarnahverfi í

Frá byggingaframkvæmdum í Kópavogi.

Innri Njarðvík. Var byrjað að byggja í svonefndu Dalshverfi 2. Um miðjan janúar hófust framkvæmdir við nýtt íþróttasvæði vestan og sunnan við Reykjaneshöllina. – Í febrúar var byrjað á nýju 1.700 fm þjónustu- og skrifstofuhúsi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Áfram var haldið framkvæmdum við Reykjanesvirkjun.

Sandgerði. Fjöldi íbúðarhúsa var enn í byggingu í Lækjarmótahverfi og við Borgarbraut.

Grindavík. Mikið var byggt í bænum, einkum í Lautarhverfi og Hópshverfi. – Haldið var áfram framkvæmdum við nýbyggingu við Bláa lónið.

Árnessýsla. Á *Selfossi* var áfram mikið byggt af íbúðarhúsnæði, einkum í Suðurbyggð. – Áfram var unnið við byggingu nýs grunnskóla að Borg í Grímsnesi. Þar var ný sundlaug tekin í notkun í byrjun apríl. – Ný kirkja í Úthlíð í Biskupstungum var vígð 9. júlí.

Rangárvallasýsla. Lokið var við byggingu viðbótarálmu við Hvolsskóla á *Hvolsvelli*.

Vestmannaeyjar. 7. febrúar voru liðin 100 ár frá fæðingu Einars Sigurðssonar útgerðarmanns. Afhjúpað var listaverk

Orkumannvirki á Reykjanesi.

eftir Gerði Helgadóttur til minningar um Einar. Það stendur á Skansinum.

Skaftafellssýslur. Þórbergssetur á Hala í Suðursveit var opnað í byrjun júlí.

Múlasýslur. Langmesta framkvæmd austanlands á árinu var við *Kárahnjúkavirkjun*. Þar voru aðalframkvæmdir við sjálfa Kárahnjúkastíflu, en vatni var hleypt á hana 28. september og hófst með því fylling Hálslóns. Í desember lauk grófborun aðrennslisganga að Fljótsdalsstöð en mikið verk var óunnið við fóðrun og frágang. – Á *Fáskrúðsfirði* var unnið að nýrri skólamiðstöð. – Í *Neskaupstað* var haldið áfram byggingu 6.000 fm frystigeymslu. Byrjað var á framkvæmdum við nýbyggingu og endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu. Hinn 15. júlí fór fram eins konar vígsla líkamsræktarstöðvar við Sundlaugina og nýs gervigrasvallar. – Á *Eskifirði* var lokið framkvæmdum við nýja sundlaug. – Á *Reyðarfirði* var unnið að stækkun grunnskólans. Mikill fjöldi íbúða var í smíðum, einkum á svonefndum Breiðamel. Í febrúar var byrjað á að reisa stálvirki nýs íþróttahúss. Það var vígt 16. september og nefnt Fjarðabyggðarhöllin. Fyrsta skóflustunga að nýju pósthúsi var tekin í september.

Nýbygging við grunnskólann á Hvolsvelli.

Gífurlegar framkvæmdir voru við álverið og 10. mars var lokið við að reisa 78 m reykháf. – Á *Egilsstöðum* var haldið áfram við byggingu kennslu- og stjórnunarálmu við Menntaskólann. Þar voru miklar íbúðarhúsabyggingar. Tekin var fyrsta skóflustunga að fjölbýlishúsi fyrir aldraða ásamt félagsaðstöðu. – Á *Seyðisfirði* er íbúðarhús í byggingu, hið fyrsta sem rís þar í 17 ár.

Þingeyjarsýslur. Á *Þórshöfn* var enn unnið að viðbyggingu við hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust. – Á *Laugum* var áfram haldið við sundlaugarbyggingu. – Í febrúar var byrjað á viðbyggingu við Fosshótel á *Húsavík*.

Eyjafjarðarsýsla. Á *Akureyri* var hafin smíð 270 íbúða á árinu (242 árið áður). Mest var byggt í Naustahverfi, en þar og í Síðuhverfi var mikið unnið við undirbúning lóða til úthlutunar. Þá var unnið við gatnagerð í Nesja- og Naustahverfi.

Leikskólinn Hólmasól var tekinn í notkun í maí. – 9. nóvember var stór nýbygging við dvalarheimilið Hlíð formlega vígð. Byggingin er þrjár hæðir og tæknirými í risi alls um 4.000 fm og kostaði um 900 milljónir króna. Þar eru 60 einstaklingsherbergi. – Lokið var við hús BYKO við Óðinsnes og var það

Nýr leikskóli á Egilsstöðum.

tekið í notkun 1. júlí. – 1. ágúst var tekin fyrsta skóflustunga að menningarhúsi, sem rísa á við Pollinn. Það verður um 7.400 fm og á að kosta 2,3 milljarða. – Gamla frystihús KEA á Oddeyri var rifið í febrúar. – 3. september var tekin fyrsta skóflustunga að reiðhöll í Hlíðarholtshverfi.

Hafin var bygging fjölnota íþróttahúss í Hrísey. – Á bænum Garði í Eyjafjarðarsveit var unnið að byggingu einhvers stærsta fjóss á Íslandi. Það verður um 2.000 fm og er með bása fyrir 136 mjólkurkýr og 105 aðra nautgripi.

Á *Siglufirði* var reist einbýlishús og er það fyrsta einbýlishúsið sem þar ris í 10 ár.

Húnavatnssýslur. Á *Skagaströnd* var lokið við byggingu heilsugæslustöðvar og hún vígð í september. Stöðin er um 250 fm.

Ísafjarðarsýslur. 19. ágúst var Þingeyrarflugvöllur formlega tekinn í notkun. Þar er 1.200 m löng flugbraut.

Barðastrandarsýsla. Íþróttahús var vígt á *Reykhólum* í apríl. Þar var afhjúpað minnismerki um Jón Thoroddsen skáld hinn 23. júlí.

Dalasýsla. Haldið var áfram byggingu nýs hjúkrunarheimilis

Frá Fellsenda í Dalasýslu.

að Fellsenda í Miðdölum. – 20. ágúst blessaði biskupinn nýtt þjónustuhús við Hjarðarholtskirkju,

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Í *Stykkishólmi* var nýr leikskóli í byggingu. Þar var tekin fyrsta skóflustunga að nýju

Nýbyggingar í Borgarnesi.

Akraneshöllin.

pósthúsi í október. – Í *Grundarfirði* var settur upp franskur steinkross á svonefndum Grundarkampi. Hann er til minningar um franskar siglingar til Grundarfjarðar.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Í *Reykholti* var lokið við endurbætur á gömlu kirkjunni og var hún opnuð að nýju um haustið. – Í *Borgarnesi* var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum menntaskóla í byrjun maí og að reiðhöll síðar í mánuðinum. – Á *Akranesi* var áfram unnið af miklum krafti við byggingu nýs íþróttahúss og lauk verkinu í október. Var Akraneshöllin tekin í notkun 21. október. Aðalbyggingasvæðið var í Flatahverfi og Skógarhverfi. Byrjað var á byggingu verslunarhúss við Dalbraut. – Lokið var við stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga.

VERSLUN

Á árinu 2006 voru fluttar út vörur fyrir 242,7 milljarða króna (194,4 árið áður) en inn fyrir 391,3 milljarða króna fob (288,9 árið áður). Hallinn á vöruskiptunum var því 148,6 milljarðar króna. Árið 2005 var viðskiptajöfnuður óhagstæður um 105,7

milljarða króna miðað við sama gengi. Sjávarafurðir voru 51,3% af öllum útflutningi 2006, en iðnaðarvörur 38,0%.

Innflutningur var að þessu sinni mestur frá Bandaríkjunum, en Þýskaland kom næst og þá Noregur. Svíþjóð var í fjórða sæti og Danmörk í því fimmta. Mjög mikil aukning var á innflutningi frá Kanada.

Útflutningur var að þessu sinni mestur til Hollands, en Bretland var nú í öðru sæti og Þýskaland í því þriðja. Bandaríkin komu í fjórða sæti. Á eftir þeim komu svo Spánn, Noregur og Danmörk.

Hér verða nefnd þau ríki, þar sem viðskiptin námu meira en 3.000 milljónum króna á árinu 2006. Innan sviga eru viðskiptin 2005.

Innflutningur		
Bandaríkin	55.465	(29.281)
Þýskaland	52.307	(43.446)
Noregur	30.396	(21.904)
Svíþjóð	29.961	(26.459)
Danmörk	26.276	(22.321)
Bretland	22.648	(18.063)
Kína	20.596	(16.055)
Holland	20.905	(15.080)
Japan	17.931	(16.525)
Frakkland	16.951	(10.663)
Ítalía	14.090	(11.350)
Kanada	12.302	(4.744)
Sviss	9.217	(5.230)
Írland	8.479	(7.887)
Litháen	7.721	(4.730)
Belgía	6.656	(4.952)
Finnland	5.928	(4.158)
Spánn	5.805	(4.122)
Pólland	4.719	(4.780)
Súrínam	3.846	
Suður-Kórea	3.809	(3.715)
Eistland	3.506	(2.786)

Lettland	3.248	(2.353)
Tékkland	3.191	(2.514)
Tyrkland	3.183	(2.643)
Útflutningur		
Holland	40.317	(24.297)
Bretland	37.939	(34.614)
Þýskaland	36.346	(30.801)
Bandaríkin	26.131	(16.299)
Spánn	15.452	(14.442)
Noregur	9.633	(5.202)
Danmörk	8.502	(8.083)
Frakkland	8.225	(7.236)
Portúgal	5.458	(5.152)
Japan	5.019	(6.262)
Belgía	4.735	(4.095)
Rússland	4.653	(2.770)
Nígería	3.837	(3.246)
Litháen	3.298	(2.504)

Mikilvægustu innflutnings- og útflutningsvörur voru sem hér segir.

Innflutningsvörur		
Hrávörur og rekstrarvörur	96.905	(69.104)
Fjárfestingarvörur	96.448	(67.199)
Flutningatæki	83.469	(58.205)
Neysluvörur	56.277	(47.335)
Eldsneyti og smurolíur	34.661	(27.082)
Matvörur og drykkjarvörur	23.162	(19.720)
Útflutningsvörur		
Afurðir orkufreks iðnaðar	62.913	(42.071)
Landfryst flök	18.932	(15.979)
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök	15.627	(12.117)
Blautverkaður saltfiskur	12.033	(11.583)
Sjófryst flök	11.637	(9.887)

Sjófrystur heill fiskur	10.897	(8.749)
Loðnumjöl, síldar- og þorskmjöl	10.001	(8.580)
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur	8.518	(7.653)
Saltfiskflök, bitar	6.627	(5.195)

Viðskipti í Kauphöll Íslands fóru vaxandi á árinu og námu alls 2.192 milljörðum króna (1.202 árið áður). Var þetta fimmta árið í röð, sem veltuaukning var mikil. Úrvalsvísitala aðallista hækkaði um 15,8%. Vísitalan var með lokagildi ársins 6.410 stig (5.534 árið áður).

Af einstökum fyrirtækjum á aðallista Verðbréfaþings hækkuðu bréf í TM. mest eða um 39,6%. Mesta lækkun hlutabréfa var hjá Flaga Group 43,2%.

Markaðsvirði átta verðmætustu Kauphallarfyrirtækjanna á aðallista nam 2.216 milljörðum í árslok 2006. Verðmætasta fyrirtækið var KB banki (Kaupþing banki frá áramótum), en markaðsvirði hans var talið vera 623 milljarðar króna, næst á eftir komu Glitnir, sem var upp á 330 milljarða, og Landsbankinn upp á 292 milljarða.

1. desember tók kauphallarfyrirtækið OMX við rekstri Kauphallar Íslands, en formlegur samruni var ákveðinn 1. janúar 2007.

Eigendaskipti og ýmsar hreyfingar í fyrirtækjum

Hinn 8. janúar var gengið frá breytingum á eignarhaldi á Íslandsbanka (síðar Glitni). Alls námu þessar eignatilfærslur 80 milljörðum króna og eru þetta talin ein mestu hlutabréfaviðskipti Íslandssögunnar. Það var Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki, sem seldi mestallan hlut sinn í bankanum. Hélt þó eftir um 5%. Stærsti einstaki kaupandi í þessum viðskiptum var FL Group, sem keypti um 6,5% hlut og átti eftir þessi viðskipti um 16% i bankanum. Milestone, félag í eigu Karls Wernerssonar o.fl. keypti 4% hlut, Jón Snorrason 3%, Ker 2% og bræðurnir Einar og Benedikt Sveinssynir 1%. Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums-Burðaráss, taldi söluhagnað Straums vera um 16 milljarða króna. Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður Straums taldi þá einnig hafa gert góð viðskipti.

Í febrúar festu Bílanaust o.fl. kaup á Olíufélaginu ehf. af Keri. Kaupverð var ca. 17-18 milljarðar króna. Í sama mánuði festi Dagsbrún kaup á Senu af Degi Group og í mars keypti Dagsbrún 51% hlut í Kögun. Síminn vildi kaupa Kögun, en missti af tækifærinu. – Í maí keypti Milestone ehf. hlut Glitnis í Sjóvá og eignaðist með því félagið að fullu. – Í lok maí keypti fjárfestingarfélagið Exista VÍS eignarhaldsfélag. Kaupverðið var talið vera um 53 milljarðar. Finnur Ingólfsson hætti sem forstjóri VÍS en varð starfandi stjórnarformaður. – Í október seldi FL Group hluti sína í Icelandair. Kaupendur voru Langflug (Samvinnutryggingar, SÍS-menn), Naust (Benedikt og Einar Sveinssynir) og Blue Sky Transport Holding.

Í júní voru töluverð umbrot í Straumi-Burðarási. Þórði Má Jóhannessyni forstjóra var sagt upp og við tók Friðrik Jóhannsson. Magnús Kristjánsson og Kristinn Björnsson voru sagðir óánægðir með þetta, enda seldu þeir síðan hluti sína í Straumi-Burðarási til FL Group. – Fjölmiðlafyrirtækinu Dagsbrún var í september skipt upp í tvö félög, þ.e. fjarskiptafélagið Teymi og fjölmiðlafélagið 365.

VINNUMARKAÐUR

Atvinnuleysi taldist vera 2,9% af áætluðum mannafla (2,1% árið 2005). Þetta svarar til þess, að um 5.000 menn hafi verið á atvinnuleysisskrá að meðaltali allt árið (3.120 árið áður). Hjá körlum var atvinnuleysið 2,7% en hjá konum 3,1%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 3,0% en utan höfuðborgarsvæðisins var það 2,6%.

22. júní gerðu ASÍ og VSÍ með sér samninga um það, að gildandi kjarasamningar giltu út árið 2007 þrátt fyrir vísitöluhækkanir. Gert er ráð fyrir 15.000 kr. taxtaviðauka á mánuði á lægstu laun. Ríkisstjórnin lofaði hækkun persónuafsláttar úr 29.029 kr. í 32.150 kr. um áramót.

Mikill fjöldi útlendra manna starfaði í landinu á árinu. Í lok ágúst voru t.d. menn af 31 þjóðerni að störfum við Kárahnjúka. Þar voru 527 Kínverjar, 286 Portúgalar, 108 Ítalir og 86 Pakistanar.

Grétar Þorsteinsson og Ingimundur Sigurpálsson skrifa undir samkomulag um kjarasamninga til ársloka 2007.

Í apríl fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu Félags járniðnaðarmanna og Vélstjórafélags Íslands. Af járniðnaðarmönnum sögðu 449 já en 36 nei. Vélstjórar voru mun meira í vafa um sameininguna því að af þeim sögðu 390 já en 316 nei. Sameiningin var því samþykkt í báðum félögunum, en í hinu nýja félagi verða um 4000 manns. Formlegur stofnfundur var haldinn 14. október, og var þar ákveðið að félagið skuli heita VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Samkomulag var um, að Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins yrði fyrsti formaður hins nýja félags en að ári tæki Örn Friðriksson, formaður Félags járniðnaðarmanna við formennskunni. – Nafni Verslunarmannafélags Reykjavíkur var á árinu breytt í VR, sem er sagt standa fyrir „virðingu og réttlæti“.

Kröfuganga verkalýðsins í Reykjavík 1. maí.

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 249,7 stigum í ársbyrjun 2006 í 266,9 stig í ársbyrjun 2007. Verðbólga innan ársins var því 6,9%. Hún var 4,4% árið 2005, 4,0% árið 2004 og 2,4% árið 2003.

Ársmeðaltal vísitölunnar hækkaði úr 244,1 árið 2005 í 260,6 árið 2006. Verðbólga, mæld með 12 mánaða breytingum neysluverðs var á bilinu 4,0-4,5% fyrstu þrjá mánuði ársins 2006. Eftir 22,0% veikingu krónunnar á fyrri helmingi ársins óx verðbólga í um 8,5% í ágúst en seig niður í 6,9% í lok ársins. Ef miðað er við þriggja mánaða hækkanir reiknaðar til árs fór verðbólgan hæst í 16,5% í júní.

Eins og undanfarin ár hækkaði húsnæðiskostnaður umfram annað verðlag og hækkaði þannig mælda verðbólgu. Þessi áhrif voru þó mun minni en undanfarin ár. Þannig hækkaði verðlag án húsnæðis um 6,0% frá ársbyrjun 2006 til jafnlengdar 2007 meðan neysluverð í heild hækkaði um 6,9%. Sambærilegar verðbólgutölur fyrir árið 2005 voru 4,4% alls og 1,0% án húsnæðis. Því var húsnæðiskostnaður tæplega helsti drifkraftur verðbólgunnar 2006 á sama hátt og 2005, heldur voru verð-

hækkanir almennar. Til dæmis hækkuðu innlendar vörur um 7,6% innan ársins og innfluttar vörur um 6,2%.

Skráningarvísitala krónunnar, sem mælir verð erlendra gjaldmiðla í krónum, hækkaði um 23,1% frá ársbyrjun til ársloka 2006. Gengi krónunnar veiktist því á árinu um 18,8%. Hún veiktist um 10,5% milli ársmeðaltala 2005 og 2006. Krónan fór að veikjast 21. febrúar eftir neikvæða umfjöllun erlendra mats- og fjármálafyrirtækja um íslensk fjármálafyrirtæki og efnahagslíf. 21. apríl hafði krónan veikst um nær 21.0%, en styrktist síðan heldur og þó með flökti. Meðal þess sem veikti krónuna var tregða á endurnýjun erlendra lána íslensku bankanna. Þessi tregða reyndist þó tímabundin og virðist hafa endurspeglað ástand á alþjóðamörkuðum.

Í árslok 2006 var sölugengi bandaríkjadals hjá Seðlabankanum 72.00 krónur og hafði hækkað um 13,8% frá árslokum 2005. Sölugengi breska pundsins var 141,32 krónur og hafði hækkað um 29,5%. Evran kostaði 94,87 krónur og hafði hækkað um 26,6% á árinu. Japanska jenið kostaði 0,6061 krónur og hafði hækkað um 12,4% gagnvart íslensku krónunni. Í árslok kostaði danska krónan 12,724 krónur íslenskar, sú sænska 10,477 og sú norska 11,487 íslenskar krónur.

Verðlag á nokkrum algengum vörutegundum og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu var sem hér segir í nóvember 2006 (innan sviga eru tölur frá nóv. 2005): Franskbrauð sneitt, kg 401 kr. (372), súpukjötskíló 595 kr. (578), ýsuflök, kg 1.067 kr. (877), nýmjólkurlítri í pakka 78 kr. (63), smjörkíló 436 kr. (399), eplakíló 138 kr. (100), kartöflukíló 78 kr. (94), strásykurskíló 127 kr. (96), kaffikíló 939 kr. (769), Coca-Cola í flösku (2 l) 207 kr. (169), brennivínsflaska 3.290 kr. (3.180), bjórdós (Egils gull 50 cl) 199 kr. (209), vindlingapakki 595 kr. (571), herraskyrta 4.985 kr. (4.521), kvensokkabuxur 1.033 kr. (928), bensínlítri (95 okt.) 119 kr. (114), flugferð Reykjavík-Akureyri aðra leið 9.230 kr. (8.930), rútufargjald Reykjavík-Selfoss 1.200 kr. (1.000), bíómiði 900 kr. (800), fullorðinsmiði á Íslandsmótið í knattspyrnu 1.200 kr. (1.200), mánaðaráskrift að Morgunblaðinu 2.800 kr. (2.600), strætómiði í Reykjavík, stakt fargjald 250 kr. (220).

Frá aðalmeðferð í Baugsmálinu. Sigurður Tómas Magnússon og Jón Ásgeir Jóhannesson takast í hendur. Til hliðar sitja lögmennirnir Gestur Jónsson og Jakob Möller.

ÝMISLEGT

Árbæjarsafn í Viðey. Í byrjun maí barst Reykjavíkurborg erindi frá Minjavernd og Þyrpingu um flutning Árbæjarsafns í Viðey. Málið vakti miklar umræður og deilur.

Baugsmálið. 9. janúar hafnaði Hæstiréttur því, að átta ákæruliðir, sem eru enn fyrir héraðsdómi, yrðu felldir niður. Þá var úrskurðað, að Björn Bjarnason hefði ekki verið vanhæfur til að skipa sérstakan saksóknara. – 15. mars voru allir sakborningar í Baugsmálinu sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ákæruvaldið áfrýjaði til Hæstaréttar. – 3. apríl voru gefnar út nýjar ákærur í Baugsmálinu. Kært var út af 19 af 32 atriðum, sem Hæstiréttur vísaði frá dómi 10. október. Ákærðir voru Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger. – Ný og óvænt rannsókn hófst í lok júní á meintum skattalagabrotum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. – Hæstiréttur staðfesti 21. júlí úrskurð Héraðsdóms frá 30. júní um frávísun á veigamesta ákæruliðnum gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Hann

Blaðamannafundur við sjúkrabeð Steingríms J. Sigfússonar.

var ákærður í þessum lið fyrir fjársvik eða umboðssvik. 18 liðir voru þá eftir.

Bauhaus til Íslands. 9. mars var þýska fyrirtækinu Bauhaus veitt loforð um lóð í Úlfarsfellslandi í Reykjavík. Það hyggst reisa þar mikið hús yfir byggingavöruverslun sína.

Bifröst. Nafni viðskiptaháskólans á Bifröst var í ágúst breytt í Háskólann á Bifröst. – Um miðjan nóvember var Runólfur Ágústsson, rektor á Bifröst, kærður til siðanefndar skólans fyrir margs konar afglöp, m.a. veðmál við nemendur. Runólfur fékk stuðning á fundi með nemendum en sagði síðan af sér 16. nóvember.

Bjargað frá Beirut. Um tíu Íslendingar voru í Líbanon, þegar Ísraelsmenn hófu árásir á landið. Fjórir komust á brott með Norðmönnum en sex með Finnum til Damaskus. Þangað var send út flugvél sem flutti 300 manns til Danmerkur.

Blaðamannafundur við sjúkrarúm. Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður slasaðist töluvert, er hann missti stjórn á jeppa sínum skammt frá Bólstaðarhlíð í Húnaþingi. Hann vildi láta þjóðina vita af bata sínum og hélt blaðamannafund á spítalanum.

Nýir ritstjórar DV Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson.

Blöð og tímarit. 10. janúar birtist á forsíðu DV grein um „perra“ á Ísafirði. Hann stytti sér aldur sama dag. Mikil andúð kom upp í þjóðfélaginu á blaðinu og ritstjórum þess, Jónasi Kristjánssyni og Mikael Torfasyni, og urðu þeir að hætta. Í þeirra stað voru ráðnir Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson. Í lok apríl hætti DV að koma út sem dagblað en hélt áfram sem helgarblað. – 1. febrúar var Ásgeir Sverrisson ráðinn ritstjóri Blaðsins. – 23. febrúar tók Þorsteinn Pálsson við ritstjórastarfi á Fréttablaðinu með Kára Jónassyni. – Mikael Torfason var í byrjun júní ráðinn aðalritstjóri tímaritaútgáfu Fróða. – Sigurjón M. Egilsson var í byrjun júlí ráðinn ritstjóri Blaðsins, en Ásgeir Sverrisson hætti. – Í ágúst keypti Íslendingasagnaútgáfan öll tímarit Fróða ehf. Þetta eru Vikan, Mannlíf, Nýtt líf, Bleikt og blátt, Séð og heyrt, Hús og híbýli og Gestgjafinn. Aðaleigandi tímaritanna varð nú Sigurður G. Guðjónsson. – Trausti Hafliðason var í desember ráðinn ritstjóri Blaðsins.

Bókabúð Jónasar lokað. Hinn 10. febrúar lauk starfsemi bókabúðar Jónasar í Hafnarstræti á Akureyri. Hún hafði verið

starfrækt í nærri hálfa öld. Jónas Jóhannsson stofnaði búðina, en sonur hans Stefán var eigandi hennar síðustu áratugina.

Dýrt umslag. Í júní var selt í Kaupmannahöfn umslag með tveimur íslenskum þriggja skildinga frímerkjum. Það fór á 91.000 bandaríkjadali.

Edduverðlaunin. Kvikmynd Baltasars Kormáks, Mýrin, sópaði að sér verðlaunum á Edduhátíðinni. Hún var valin besta myndin og Baltasar besti leikstjórinn. Þá var Ingvar E. Sigurðsson valinn besti leikarinn í aðalhlutverki fyrir leik sinn í Mýrinni og Atli Rafn Sigurðsson í aukahlutverki í sömu mynd.

Efnilegur fiðluleikari. Elfa Rún Kristinsdóttir fékk í júlí 1. verðlaun í alþjóðlegri keppni ungra fiðluleikara, sem haldin er í Leipzig. Keppnin er kennd við Johann Sebastian Bach.

Eiturlyfjamagn eykst. Á árinu 2006 var jafnmikið magn tekið af amfetamíni og kókaíni eins og öll árin 2000–2005. Tekin voru 12,8 kg af kókaíni og 46,4 kg af amfetamíni. – Mesta smygltilraunin var gerð í lok nóvember. Þá voru tekin við leit á Keflavíkurflugvelli 3 kg af kókaíni, sem Íslendingur var með í tösku. Söluverð þessa magns á götu var talið vera 80-120 milljónir króna.

Evran tekin upp. Straumur-Burðarás tilkynnti 18. desember, að frá áramótum. mundi félagið nota evru í sínum viðskiptum en ekki krónu. Fleiri hyggjast gera slíkt hið sama, en Seðlabankinn lét í ljós vanþóknun á þessu atferli Straums-Burðaráss.

Fegurðardrottning Íslands. Sif Aradóttir, 21 árs stúlka frá Keflavík, var seint í maí kosin ungfrú Ísland. Ásdís Svava Halldórsdóttir varð í öðru sæti og Jóna Kristín Heimisdóttir í hinu þriðja.

Fornminjar. Fornleifarannsóknir voru áfram mjög miklar. Meðal annars var rannsakað í Vatnsfirði, en þar var grafið upp hús frá 10. öld, á Hólum og við Kolkuós og í Reykholti, þar sem prestagrafir voru rannsakaðar. – Kuml fannst í Hringsdal í Arnarfirði. Þar var grafinn fornmaður með alvæpni, sverð, spjót og skjöld. Kumlið er talið frá 10. öld.

Fornprent heim að Hólum. Ríkissstjórnin ákvað að verja 50 milljónum króna til þess að kaupa bókasafn séra Ragnars Fjalars Lárussonar og gefa það Hólastað á 900 ára afmæli hans.

Yoko Ono á Íslandi.

Þetta eru um 490 bækur og þar af 280 prentaðar á Hólum á 17., 18. og 19. öld.

Framtíðarlandið. Félag áhugafólks um framtíð Íslands var stofnað 17. júní. Stofnfundur var í Austurbæ og sóttu hann um 600 manns. Á fyrstu dögum eftir þetta gengu um 1100 manns í félagið.

Friðarvika. Yoko Ono, ekkja Johns Lennons kom til Íslands í febrúar. Hún vildi koma því á, að árleg friðarvika verði haldin í Reykjavík í tengslum við afmælisdag Lennons 9. október. Hún var líka að kynna friðarsúlu úr gleri, sem hún hefur ánafnað Reykjavíkurborg.

Geir á Wall Street. Geir H. Haarde forsætisráðherra tók þátt í Íslandsdegi í kauphöllinni á Wall Street 21. nóvember. Honum var sýndur sá heiður að fá að hringja út, en það er til marks um að viðskiptum dagsins sé lokið.

Glitnir verður til. 11. mars var tilkynnt, að breytt yrði um nafn á Íslandsbanka og mundi hann framvegis heita Glitnir.

Gorbatsjov til Íslands. 12. október var haldið upp á það, að 20 ár voru liðin frá fundi Mikhails Gorbatsjovs og Ronalds

Mikhaíl Gorbatsjov við komuna til Íslands. Á bak við hann er viðskiptajöfurinn Björgólfur Thor Björgólfsson, sem flutti Gorbatsjov til Íslands í einkaþotu sinni.

Reagans í Höfða. Gorbatsjov hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands, ræddi alþjóðamál og hitti forseta Íslands.

„Göngum með Ómari." 26. september var farin ganga niður Laugaveg til stuðnings hugmyndum Ómars Ragnarssonar um að frestað verði fyllingu Hálslóns. Meira en 10.000 manns tóku þátt í göngunni með Vigdísi Finnbogadóttur í broddi fylkingar.

Hafíssetur. Í byrjun júlí var opnað svonefnt Hafíssetur í Hillebrandtshúsi á Blönduósi. Dr. Þór Jakobsson var helsti hvatamaður að stofnun safnsins og höfundur texta á sýningu í setrinu, en Björn G. Björnsson setti hana upp.

Heimsmet í hækkun skatta. Í febrúar hélt Stefán Ólafsson prófessor því fram í ræðu og riti, að skattar á Íslandi hefðu hækkað mikið á síðustu árum. Þannig hefði tekjuskattur einstaklinga hækkað úr 8,4% af vergri þjóðarframleiðslu 1990 í 14,9% 2003. Talsmenn ríkistjórnarinnar afneituðu þessu með öllu og sögðu skatta á almenning hafa lækkað á sama tímabili.

Ídólið. Úrslit í Idol-stjörnuleitinni á Stöð 2 urðu á þann veg,

að Snorri Snorrason sigraði, en Ína Valgerður Pétursdóttir var í öðru sæti.

Íslensk erfðagreining. Fyrirtækið festi í janúar kaup á líftæknifyrirtækinu Urði, Verðandi og Skuld.

Kaninn hættir. 1. júní var hætt útsendingum útvarps á Keflavíkurflugvelli. Varnarliðið hóf útsendingarnar í nóvember 1951 og hafði því stöðin starfað í 55 ár. Formlegt leyfi til útsendinga allan sólarhringinn fékkst í maí 1952.

Knattspyrnufélag keypt. 21. nóvember festi félag í eigu Íslendinga kaup á enska félaginu Westham. Forystumenn í þessum kaupum voru Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon. Kaupverðið var talið nema 85 milljónum punda eða 11,4 milljörðum íslenskra króna. Eggert fluttist til Lundúna til þess að stjórna félaginu.

Konur í meirihluta. Fram hefur komið, að konur voru í ársbyrjun 2006 52% allra framhaldsskólakennara. Þetta er í fyrsta sinn sem þær eru fleiri en karlar.

Krossar við Kögunarhól. 8. nóvember var komið fyrir 52 krossum við Kögunarhól í Ölfusi. Þeir voru reistir til minningar um 52 einstaklinga, sem látist hafa í bílslysum á Hellisheiði. Krossarnir eiga að minna á þörfina á því að tvöfalda veginn yfir heiðina.

Kvikmyndir. Fjórar íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á árinu. Þær voru *Blóðbönd* 24. febrúar í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar, en framleiðandi var Snorri Þórisson, *Börn* 7. september í leikstjórn Ragnars Bragasonar, *Mýrin* 20. október í leikstjórn Baltasars Kormáks og *Köld slóð* 29. desember í leikstjórn Björns Brynjúlfs Björnssonar, en framleiðandi var Kristinn Þórðarson.

Landnámssetur Íslands. Sýning um landnám Íslands var opnuð í Borgarnesi 13. maí. Jafnhliða var frumsýndur einleikurinn Mr. Skallagrímsson með Benedikt Erlingssyni.

Landnámssýning við Aðalstræti. 12. maí var opnuð sýning á skálarúst frá 10. öld sem er undir Hótel Reykjavík Centrum við Aðalstræti. Sýningin er mjög vönduð og nefnist 87l plús/mínus 2.

Lánshæfismat ríkissjóðs. Hinn 21. febrúar breytti alþjóða

Verðlaunahafarnir Andri Snær Magnason og Ólafur Jóhann Ólafsson á Bessastöðum.

matsfyrirtækið Fitch Ratings lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugu í neikvætt. Sagt var í matinu að hrein skuldastaða Íslands væri verri en nokkurs annars lands. Þá var talað um veika stöðu bankanna. Sama dag og þetta mat var birt veiktist krónan um 4,45% og úrvalsvísitalan lækkaði um 3,25%. – 7. mars birtist síðan skýrsla frá verðbréfafyrirtækinu Merill Lynch um íslensku bankana, þar sem styrkur þeirra var dreginn í efa.

Leiðtogafundur. Í byrjun júní var haldinn leiðtogafundur Eystrasaltsráðsins í Reykjavík og sátu hann 13 leiðtogar, þ. á m. forsætisráðherrar allra Norðurlandanna, Eystrasaltslanda og Rússlands.

Leyniþjónusta – Símahleranir. Tveir sagnfræðingar, Guðni Th. Jóhannesson og Þór Whitehead, fjölluðu á árinu um leynilegt eftirlit með vinstrisinnuðum stjórnmálamönnum á tímum kalda stríðsins og símahleranir. Þær voru stundaðar á árunum 1949-1968 og stóðu í sambandi við inngöngu Íslands í NATÓ, komur bandarískra varaforseta til Íslands, landhelgisdeiluna og utanríkisráðherrafund NATÓ. Þá var haldin skrá yfir íslenska sósíalista á árunum 1952-1968, og var hún á vegum lögreglu-

Verðlaunabækur ársins 2006.

stjórans í Reykjavík. Þessi skrá var brennd 1976. Eftir að upplýsingar sagnfræðinganna komu fram, vildu ýmsir, sem töldu sig hafa orðið fyrir símahlerunum, fá gleggri mynd af málunum. Stóð í nokkru stappi um þetta og var málið rætt á Alþingi og í blöðum. 26. október birti Þjóðskjalasafnið skjöl á 60 blaðsíðum um þessar símahleranir. Þar kom fram, hverjir báðu um þær og úrskurðir dómara um þær. Stjórnarandstaðan á þingi vildi láta þingnefnd fara ofan í þessi mál öll, en ráðherrar vildu láta nefnd sagnfræðinga skoða þetta og varð það úr.

Lengsta ræðan. Ögmundur Jónassson talaði í rúmlega sex klukkustundir við 2. umræðu um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Hann byrjaði kl. 23:10 hinn 4. apríl og lauk ræðunni kl. 5:12 morguninn eftir. Er þetta sagt vera ræðumet í þinginu. Eldra met átti Jóhanna Sigurðardóttir, sem talaði í fimm og hálfa klukkustund vorið 1998 um húsnæðisfrumvarp. Sverrir Hermannsson talaði í fimm tíma gegn grunnskólafrumvarpi árið 1974.

Listamannalaun o.fl. Þrír listamenn bættust í hóp heiðurslaunamanna á árinu. Þeir voru Guðmunda Elíasdóttir söngkona, Guðmundur Jónsson söngvari og Magnús Pálsson myndlist-

Megas söng sálma í Hallgrímskirkju.

armaður. – Þýðingarverðlaun voru veitt í annað sinn í apríl. Þau hlaut Rúnar Helgi Vignisson. – Njörður P. Njarðvík fékk verðlaun, sem kennd eru við Jónas Hallgrímsson, á degi íslenskrar tungu. – Ingunn Snædal fékk verðlaun, sem kennd eru við Tómas Guðmundsson, fyrir ljóðabókina *Guðlausir menn: hugleiðingar um jökulvatn og ást*. – Hörður Áskelsson organisti hlaut íslensku bjartsýnisverðlaunin. – Jón Kalman Stefánsson hlaut verðlaun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins. – Bókmenntaverðlaun útgefenda fyrir árið 2006 fengu Andri Snær Magnason fyrir fræðiritið *Draumalandið* og Ólafur Jóhann Ólafsson fyrir smásögusafnið *Aldingarðinn*.

Ljósin slökkt. Hinn 28. september voru öll ljós slökkt *í* Reykjavík frá kl. 22.00-23.00. Þetta var gert í tilefni af upphafi kvikmyndaviku. Þá var ætlast til að fólk horfði á stjörnurnar, en lítið sást reyndar til þeirra.

Ljósvakamiðlar. Föstudaginn 22. september kl. 20.00 var fréttastöðinni NFS lokað, en hún hafði starfað frá 18. nóvember 2005. Sjónvarpsstjórinn Róbert Marshall hafði gert úrslitatilraun til þess að bjarga stöðinni með skírskotun til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar: „Kæri Jón“.

Manndráp. Hinn 11. febrúar var Íslendingur skotinn til bana í El Salvador. Hann starfaði þar sem staðarverkfræðingur hjá fyrirtækinu Enex.

Margar rútur. 11. júlí voru þrjú stór skemmtiferðaskip í Reykjavíkurhöfn. Þurfti 78 rútur til þess að flytja meira en 4.000 farþega í skemmtiferðir austur fyrir fjall.

Megas syngur sálma. Hinn 25. febrúar flutti Megas lög eftir sig við Passíusálma Hallgríms Pétursson. Rokkhljómsveit, barnakór, strengjasveit og hörpuleikari tóku þátt í flutningnum, sem fram fór í Hallgrímskirkju.

Menn ársins. Frjáls verslun valdi Róbert Wessman, forstjóra Actavis Group, mann ársins í íslensku atvinnulífi 2006. – Dorrit Moussaieff var valin kona ársins hjá Nýju lífi. – Ómar Ragnarsson var valinn maður ársins hjá Stöð 2 og Rás 2.

Metsölubækur. Mest selda bók á árinu 2006 samkvæmt bóksölulista Morgunblaðsins var *Eftirréttir Hagkaupa* eftir Ásgeir Sandholt o.fl. Næst á eftir henni komu *Konungsbók* Arnalds Indriðasonar og *Draumalandið* eftir Andra Snæ Magnason. Konungsbókin var talin hafa selst í 17.000 eintökum.

Mótmæli. Fyrri hluta ágúst höfðu mótmælendur, svonefndir Íslandsvinir, sig nokkuð í frammi við Kárahnjúka og á Reyðarfirði. Tjaldbúðir mótmælenda voru teknar niður 6. ágúst og 14 voru handteknir. 17. ágúst voru nokkrir handteknir og kærðir fyrir að fara um á bryggjusvæði á Reyðarfirði. Þar stjakaði lögreglumaður við myndatökumanni RÚV og varð að biðjast afsökunar á því.

Níðstöng reist. Svo bar við í Otradal vestra í desember, að bóndi einn þar reisti manni á Bíldudal níðstöng. Sá á Bíldudal hafði ekið yfir hund bónda.

Norðurlandaráð. 58. þing Norðurlandaráðs var haldið í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember. Á dagskrá var efnahagsleg velgengni Norðurlanda á tímum alþjóðavæðingar. Þá var rætt um baráttu gegn mansali, áfengisstefnu og loftslagsbreytingar. „Ný norræn matargerðarlist“ var líka til umræðu. – Á þinginu var gengið frá ráðningu Halldórs Ásgrímssonar í embætti framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness. Í skjölum Sænsku aka-

demíunnar, sem létt var af leynd, kemur fram að undirnefnd akademíunnar hafi lagt til í september 1955, að Halldór og Gunnar Gunnarsson skiptu með sér verðlaununum. Í lokaatkvæðagreiðslu akademíunnar fékk Halldór tíu atkvæði en aðrir sex. Tvö atkvæði skiluðu sér ekki.

Ríkir menn. Fjórir Íslendingar eru taldir vera meðal ríkustu manna í Bretlandi. Björgólfur Thor Björgólfsson er í 32. sæti með 1.549 milljónir punda, Bakkavararbræður eru í 103. sæti með 598 milljónir punda og Eiður Smári Guðjohnsen er í 74. sæti yfir ríkustu menn undir 30 ára aldri með 6 milljónir punda.

Samráð olíufélaganna. 13. desember gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur forstjórum olíufélaganna, Geir Magnússyni, Einari Benediktssyni og Kristni Björnssyni. Þeim var gefið að sök að hafa með ólögmætu samráði komið í veg fyrir samkeppni á olíumarkaði.

Selasetur Íslands. 25. júní var opnað á Hvammstanga safn og sýning um seli við Ísland. Fjallað er um lífshætti sela, nýtingu selaafurða o.fl.

Stafsetningarorðabókin. Ný orðabók með 65.000 orðum kom út í ágúst á forlagi JPV. Ritstjóri hennar var Dóra Hafsteinsdóttir.

Stjakað við þingmanni. Við umæður um vatnalög á Alþingi í mars varð svo heitt í kolunum, að Guðjón A. Kristjánsson hrinti Sigurði Kára Kristjánssyni á leið hans í pontu. Sigurður hafði ásakað stjórnarandstöðina um leti.

Stórgjöf til barnaspítalans. Jóhannes Jónsson í Bónus og börn hans tilkynntu í mars að þau ætluðu að gefa 300 milljónir króna á næstu fimm árum til Barnaspítala Hringsins. Peningarnir eiga að renna til aukinnar hágæslu.

Sæti í Öryggisráðinu. Ríkisstjórn Íslands samþykkti 1998 að sækjast eftir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 2009-10. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra átti viðræður við fulltrúa fjölmargra ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september og leitaði eftir stuðningi þeirra við umsóknina. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði, að fengist hefði stuðningur margra ríkja en ekki þó nógu margra til þess að sigra í kjörinu, sem fer fram 2008.

Silvía Nótt sigraði í undankeppni um lag Íslands í Eurovision.

Söngvakeppnin. Í undankeppni um lag Íslands í Eurovision 18. febrúar sigraði Silvía Nótt með lagi eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson, sem nefnist *Til hamingju Ísland*. Það hlaut um 70.000 atkvæði. Lag sem Regína Ósk Óskarsdóttir söng var í

2. sæti með um 30.000 atkvæði. Silvía Nótt komst ekki áfram í aðalkeppnina í Grikklandi og vakti raunar athygli þar fyrir slæma framkomu.

Tæknileg mistök. Árni Johnsen, frambjóðandi til Alþingis, lét þau orð falla að afbrot þau, sem hann var dæmdur í fangelsi fyrir, hefðu verið „tæknileg mistök“. Ýmis félög sjálfstæðismanna töldu þetta óheppilega yfirlýsingu.

Verðlaun Ásu Wright. Verðlaun úr sjóði Ásu Wright fékk dr. Steinar Þór Guðlaugsson fyrir rannsóknir á landgrunni Íslands. Á árinu kom út bókin: *Ása Guðmundsdóttir Wright – Ævihlaup og athafnir*. Höfundur er dr. Sturla Friðriksson, en hann er formaður nefndar, sem úthlutar verðlaunum þeim sem kennd eru við Ásu.

Völd til kvenna. Bandaríska kvenréttindakonan Germaine Greer kom til Íslands í byrjun júní og flutti fyrirlestur á ráðstefnunni *Tengslanet III – Völd til kvenna* á Bifröst.

Vörður við veginn. Svokallað Vörðuvinafélag lauk á árinu við að hlaða upp um 400 vörður á Sprengisandsleið. Þær voru upphaflega hlaðnar af Eiríki Sigurðssyni frá Sandfellshaugum, en hann gerði samning um þetta verk við Stjórnarráð Íslands árið 1905. Hver varða skyldi vera 3 álnir á hæð (1,80 m) og á milli þeirra skyldu vera 100 faðmar (faðmurinn =1,83 m). Upphaflega voru vörðurnar 425.

Þjóðminjasafnið verðlaunað. Það var eitt þriggja safna, sem fékk verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í samkeppni um safn Evrópu á vegum Evrópuráðsins. 60 söfn voru tilnefnd en 35 komust í úrslit.

Öl frá Árskógssandi. Stofnuð var á árinu ölgerð á Árskógssandi við Eyjafjörð. Stofnkostnaður var talinn nema um 60 milljónum króna og ársframleiðsla af áfengum bjór var talin vera um 200.000 lítrar. Bjórinn nefnist *Kaldi*.

Efnisskrá

Bls.

Almanak um árið 2008, reiknað hefur og búið til prentunar Þorsteinn Sæmundsson 1-96

Árbók Íslands 2006, tekin saman af Heimi Þorleifssyni 97-214